

allt

GUÐMUNDUR ÞÓR ÁRMANSSON

Bíll sem á engan sinn líka

• bílar • ferðir • tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



VALDIMAR ÖRN FLYGENRING

Verður kaftinn á Ástarfleyinu

ÁST VIÐ STRENDUR TYRKLANDS

FÓLK 50 ▶



KVIKMYNDAGERÐ Í BLÓMA

Flottasti áratugur kvikmyndalistarinnar

KYNSLÓÐASKIPTI OG MAGNAÐAR PERSÓNUR

KVIKMYNDIR 28 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. ágúst 2005 - 230. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Tekur Teitur við KR-liðinu?

KR-ingar hafa talað við Teit Þórðarson um að þjálfliðið í Landsbankadeildinni í knattspyrnu næsta sumar. Sigursteinn Gíslason tók við liði KR eftir að Magnús Gylfason var rekinn en nú gæti lærdasti íslenski þjálfarinn verið á leiðinni í Vestur-bæinn.



ÍÞRÓTTIR 38

Sanngjarn en ákveðinn

Geir Jón Þórisson þykir traustvekjandi og mikill öðlingur, ímynd lögreglunnar ef út í það er farið og ljóst að það er alls ekki slæm ímynd.



MAÐUR VIKUNNAR 16


Ekki hljóðfæraleikarar fyrir fimm ára

Sigur Rós er í stuttu stoppi hér á landi eftir tónleikaferð um Evrópu sem hófst í júlí. Tílefni er fjórða plata sveitarinnar, Takk, sem kemur út 12. september.



TÓNLIST 34

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTVIÐRI ÁFRAM SYÐRA en skúraveður norðan- og austanlands. Fremur svalt í veðri norðanlands.

VEÐUR 4

Karlar 25–45 ára

Bílaáhugamenn velja fréttablaðið*

51%

Fréttablaðið

37%

Mbl.

Bílar öfl. á laugardegi

Bílar á föstudegi

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í ágúst 2005. Lestur meðal karla 25–45 ára.

Íslenskur piltur fluttur með þyrilu af flóðasvæði

Matthías Þór Ingason, tólf ára Njarðvíkingur, hefur verið innlyksa á hóteli í bænum Engelberg í Sviss í nokkra daga. Griðarleg flóð hafa verið víða í Evrópu undanfarið og hafa tugir manna farist.

FLÓÐ Íslenskur piltur er innlyksa á svissnesku hóteli ásamt enskum föður sínum og vinkonu hans. Flóð sem tugir Evrópubúa hafa farist í hafa lokað hótelið af og verður að senda þyrilu eftir fólkinu í dag svo það komist leiðar sinnar.

Matthías Þór Ingason hefur dvalið á hóteli í svissneska bænum Engelberg í viku. Eftir þriggja daga stanslaust úrhelli lét vegurinn út úr bænum undan vatnsgöngum og ruddist með flóðinu yfir nærliggjandi járnbrautarteina. Við það rofnuðu samgöngur á jörðu niðri til og frá bænum og ekki aðra leið að fara en loftleiðina. Þyrilur hafa flutt fólk út úr bænum og borið mat til baka. Tólf kílómetra loftleið er til næsta bæjar.

„Þetta var slæmt fyrst en hefur batnað,“ segir Matthías Þór, sem meðal annars horfði upp á



MATTHÍAS ÞÓR INGASON Hann hefur ekki fundið til hræðslu en segir upplifunina merkilega.

lítið hús verða að spýtnabraki nærri hótelinu. Matthías dvelur á annarri hæð og hefur ekki verið í hættu en vatnið hefur náð upp að gluggum fyrstu hæðarinnar.

Matthías Þór segist aldrei hafa óttast um líf sitt en viðurkennir að upplifunin sé sérstök. „Ég hef ekkert orðið hræddur og það er

bara gaman að upplifa þetta.“

Í dag verða Matthías Þór, faðir hans og vinkona flutt með herþyrilu frá Engelberg til næsta bæjar, þaðan sem þau taka lest til Luzern og heldur Matthías af stað flugleiðina til Íslands á morgun.

„Það hefur verið mjög erfitt að fylgjast með þessu héðan frá Íslandi,“ segir Þóra Birgitta Garðarsdóttir, móðir Matthíasar. Hún segir óvissuna hafa verið erfiðasta enda hafi hún aldrei vitað hvað myndi gerast næst. „Ég verð mjög fegin að fá hann heim,“ segir hún og bætir við að ættingjar og vinir hafi einnig haft þungar áhyggjur.

Matthías býr í Njarðvík og átti eins og önnur íslensk börn að byrja í skóla í vikunni. Hann mætir á mánudag og hefur eflaust frá ýmsu að segja þegar hann hittir vini sína og skólasystkini. - bps



STJÓRNARSKRÁNNI MÓTMÆLT Pessi kona hélt á mynd af Saddam Hussein þegar hún mótmælti drögum að stjórnskrá Íraks.

Stjórnskrá Íraks:

Leggja drögin fyrir þingið

ÍRAK, AP „Samkomulag hefur náðst um deilumál, þar á meðal hugmyndina um sambandsríki,“ sagði Humam Hammoudi, formaður stjórnskrárnefndarinnar, þegar hann tilkynnti að drög að nýrri stjórnskrá yrðu lögð fyrir stjórnskrárþing Íraks í dag eða á morgun.

Hammoudi sagði samkomulagið fela í sér tryggingar fyrir súnnía um að hagsmunum þeirra yrði borgið. Fulltrúar súnnía höfðu hins vegar drögum og hvöttu landsmenn til að fella þau.

Sjá síðu 10



ÞÓRSTEINN OG PYSJAN Þúsundir lundapara verpa í eyjunum á Sundunum og er algengt að pysjur sækji í ljósin í bænum á haustkvöldum.

Grunaður banamaður varnarliðskonu fluttur til Þýskalands:

Varnarliðsmaður neitar sök

LÖGREGLUMÁL Varnarliðsmaðurinn sem grunaður er um að hafa orðið konu að bana á Keflavíkurflugvelli sunnudaginn 14. ágúst hefur verið fluttur frá Keflavíkurflugvelli til Þýskalands. Þar er hann í haldi í herbúðum varnarliðsins. Hann neitar staðfestlega sök, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Í ljós hefur komið að engin vitni voru að því þegar bandarísku varnarliðskonunni, sem var tvítug, voru veittir áverkar sem

síðan drógu hana til dauða. Atburðurinn átti sér stað í húsnæði einhleypra varnarliðsmanna. Varnarliðskonan var með lífsmarki þegar hún fannst á sunnudagskvöldið, en lést skömmu síðar á hersjúkrahúsi á Keflavíkurflugvelli af völdum stungusára. Íslensk kona sem var gestkomandi í íbúðinni reyndist hafa verið í svefnherbergi hins grunaða meðan verknaðurinn var framinn annars staðar í íbúðinni.

Varnarliðsmaðurinn hafði átt í

deilum við hina látnu vegna þess að hann hafði, í félagi við annan varnarliðsmann, stolið umtalsverðum fjárhæðum af greiðslukorti hennar. Það mál komst upp. Vitorðsmanninum var vikið úr hernum, en enn átti eftir að rétta í máli hins grunaða.

Rannsóknardeild sjóhersins og lögreglan á Keflavíkurflugvelli hafa haft samvinnu um rannsókn málsins. Ekki liggur fyrir hvort réttað verður í því hér á landi eða í Þýskalandi. - jss

Lundapysja spókar sig í Örfirisey:

Mögur og villt

NÁTTÚRAN Lundapysja spókaði sig á athafnasvæði Lýsis í Örfirisey í Reykjavík í gærmorgun. Þorsteinn Waagfjörð, starfsmaður fyrirtækisins, gekk fram á pysjuna eftir tíukaffið og átti ekki í vandræðum með að handsama hana, enda Eyjamaður að upplagi.

„Hún var ráðvillt enda hafði hún líklega aldrei séð svona furðulega skepnu áður,“ segir Þorsteinn og á þar við sjálfan sig. Pysjan var talsvert magurri en þær sem Þorsteinn þekkir úr Vestmannaeyjum en hress að öðru leyti.

Þorsteinn geymdi pysjuna í kassa í gær og sleppti henni á haf út í gærkvöldi.

Líklegt er að pysjan hafi komið úr Akurey, Andríðsey eða Lundey á Kollafirði en líflegt lundavarp er í þessum eyjum. Að sögn Ólafs Nielsen, starfsmanns Náttúrufræðistofnunar Íslands, finnast lundapysjur á hverju hausti í Reykjavík. - bps

Gísli Marteinn Baldursson:

Sækist eftir fyrsta sæti

STJÓRNMÁL Gísli Marteinn Baldursson mun tilkynna stuðningsmönnum sínum á sunnudag að hann hyggist sækjast eftir fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Byrjað er að kynna fund sem stuðningsmenn Gísla Marteins halda í Iðnó kl. 14 á morgun og hefur Fréttablaðið traustar heimildir fyrir því að þá muni hann kynna framboð sitt. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur áður tilkynnt að hann sækist eftir fyrsta sætinu. - ss



SPURNING DAGSINS

Edda, gengur ekkert að skilja?

„Nei, það gengur ekkert að skilja - við sýninguna Alveg briliant skilnaður. Guði sé lof, það er svo gaman að leika í henni.“

Edda Björgvinsdóttir snýr aftur á sviðið með sýninguna Alveg briliant skilnaður, sem hún sýndi sextíu sinnum síðasta vetur. Ekkert lát virðist á vinsældum verksins.



MÓTMÆLT Á PAKI STJÓRNARRÁÐSINS
Mótmælendur skiptu þjóðfánanum út fyrir mótmælaborða gegn álverum.

Mótmælendur við Stjórnarráðið:

Tóku íslenska fánann niður

LÖGREGLUMÁL Tveir mótmælendur voru handteknir laust eftir hádegi í gær eftir að þeir fóru upp á þak Stjórnarráðsins í Lækjargötu og drógu þar að húni mótmælaborða í stað þjóðfánans sem þar blaktir venjulega.

Vel gekk að ná mönnunum niður og veittu þeir engan mótþróa við handtökurnar en einhverjar skemmdir urðu á þaki hússins. Á borða þeim er mennirnir drógu að húni stóð „Engin helvítis álver“.

- aðe

Breytingar í Garðasókn:

Parf að svara bréfi biskups

KIRKJAN Biskup Íslands hefur óskað eftir því við Björn Bjarnason, ráðherra dóms- og kirkjumála, að Birgir Ásgeirsson verði settur sóknarprestur í Garðabæ til þriggja mánaða. Áætlað er að auglýsa starf sóknarprests í Garðasókn laust til umsóknar frá 1. desember.

Séra Hans Markús Hafsteinsson, sóknarprestur í Garðabæ, hefur fengið viku frest til að svara því hvort hann sæti tilflutningi í starfi og taki við nýju embætti héraðsprests í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra eða láti af störfum. Lögmáður Hans Markúsar segir flutninginn jafngilda uppsögn þar sem störfin séu ekki sambærileg.

- óká

Héraðsdómur Vestfjarða dæmir þremur húseigendum í vil:

Fá 57 milljónir í stað 40

DÓMSMÁL Héraðsdómur Vestfjarða dæmdi í gær Bolungarvíkurkaupstað til að greiða eigendum þriggja húsa við Dísarland í Bolungarvík rúmar 57 milljónir auk vaxta í eignarnámsbætur. Olgeir Hávarðarson, eigandi eins hússins, segir þetta í það minnsta einn áfanga og fagnar því, þótt óljóst sé hvort kaupstaðurinn áfrýi dómnunum til Hæstaréttar.

Húsin við Dísarland og Traðarland voru öll metin á snjóflóðahættusvæði og var ákveðið árið 2001 að reisa snjóflóðavarnargarð þar sem húsin standa nú. Ákvað þá kaupstaðurinn að taka húsin

eignarnámi og var óskað eftir mati matsnefndar eignarnámsbóta. Matið hljómaði upp á rúmar 57 milljónir fyrir þessi þrjú hús. Bolungarvíkurkaupstaður vildi síðar að mati nefnarinnar yrði hnekkt og markaðsvirði greitt fyrir húsin, um 40 milljónir.

Héraðsdómur staðfesti að greiða ætti samkvæmt mati matsnefndar, en ekki markaðsvirði, fyrir eignarnám auk dráttarvaxta. Þá ber Bolungarvíkurkaupstað að greiða tvær milljónir í málskostnað. Ofanflóðasjóður greiðir níutíu prósent af markaðsvirði fasteignanna, um 36 milljónir. Kaupstað-



SNJÓFLÓÐAHÆTTA AF BOLAFJALLI Bolungarvíkurkaupstaður þarf að greiða eigendum þriggja húsa í bænum hærra verð en markaðsvirði segir til um.

urinn mun því þurfa að greiða 21 milljón auk vaxta og málskostnaðar.

- ss

Tuttugu nauðganir kærðar til lögreglu

81 kynferðisbrotamál hefur borist neyðarmóttöku vegna nauðgana það sem af er þessu ári. Þar af hafa 34 verið kærð til lögreglu. Kærur vegna nauðgunar sem lögreglan í Reykjavík hefur fengið til meðferðar eru tuttugu talsins.

LÖGREGLUMÁL Tuttugu kærur vegna nauðgunar hafa borist til lögreglunnar í Reykjavík það sem af er þessu ári, að sögn Harðar Jóhannessonar yfirlögregluþjóns. Rannsókn fimm þessara mála er lokið hjá lögreglu og þau farin til saksóknara. Fimmtán eru enn til rannsókna. Fjöldi slíkra kæra undanfarin ár hefur verið á bilinu 20-40.

KÆRUR EFTIR MÁNUÐUM 2005

janúar	3
febrúar	3
mars	2
apríl	4
maí	2
júní	3
júlí	0
ágúst	3

„Af þessum tuttugu kærur eru tvær sem við tókum við utan af landi,“ segir Hörður. „Að minnsta kosti í tveimur tilvikum er ekki vitað um geranda. Í þeim málum kæra stúlkur nauðgun inni á veitingastað og það er engin lýsing á því hver gerandinn er. Í flestum hinna málanna er gerandinn þekktur. Áður fyrr áttu svona atvik sér yfirleitt stað í heimahúsum eða annars staðar þar sem fólk var saman komið. En á undanförunum árum hafa alltaf komið nokkur mál þar sem nauðgun er sögð hafa átt sér stað inni á salernum á veitingastað.“

Hann segir allan gang á því hvernig þessi mál fari af stað. Sá sem verði fyrir nauðgun geti leitað til neyðarmóttöku vegna nauðgunarmála í Fossvogi og fengið aðstoð þar. Þaðan sé svo haft samband við lögreglu. Þá geti viðkomandi hringt beint í lögregluna. Fyrstu viðbrögð hennar séu að koma manneskj-



FÓRNARLÖMB Fjöldi fórnarlamba í kynferðisbrotamálum hleypur á tugum á hverju ári. 34 slík mál hafa verið kærð til lögreglunnar það sem af er þessu ári, þar af tuttugu nauðgunarmál. Myndin er sviðsett.

unni í neyðarmóttökuna, eftir að hafa tekið niður upplýsingar í því skyni að tryggja sönnunargögn og að viðkomandi fái þá aðstoð sem í boði sé.

„Svo eru hin dæmin, þar sem tilkynnt er um nauðgun nokkru eftir að hún hefur átt sér stað,“ segir Hörður. „Þá er hugsanlegt að viðkomandi hafi farið á neyðarmóttöku á sínum tíma. Reglan er nokkurn veginn sú að ekki er kallað í lögreglu nema viðkomandi ætli að kæra.“

Eyrún Jónsdóttir, umsjónarhjúkrunarfræðingur neyðarmót-

töku Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi, segir að þangað hafi verið leitað vegna 81 kynferðisbrotamáls það sem af sé árinu. 34 þeirra hafi verið kærð til lögreglu, auk þess sem lögregla hafi haft afskipti af þremur sem ekki hafi enn verið kærð.

jss@frettabladid.is

KÆRÐAR NAUÐGANIR
2004 - 24
2003 - 33
2002 - 41
2001 - 30
2000 - 22
1999 - 30



LEITAÐ Í BRAKINU Leitað er að vísbendingum sem varpað gætu ljósi á orsakir flugslyssins.

Rannsókn hafin á tildrögum flugslyssins í Perú:

Varpa sök á flugstjóra

PERÚ, AP Hundruð björgunarsveitarmanna hafa síðustu daga granskoðað hvern krók og kima í flaki Boeing 737-þotunnar sem fórst í Perú á þriðjudagskvöld. Leitað er í farangri, kringum rafleiðslur og í braki að hverri þeirri vísbendingu sem varpað gæti frekara ljósi á orsakir flugslyss-

ins, sem varð 37 manns að bana. Þrátt fyrir að opinber rannsókn sé einungis nýhafin hafa sumir sérfræðingar viljað varpa sökinni á flugstjórann. Hann var áður herflugmaður og er sagður hafa tekið áhættu sem að öllu jöfnu eigi ekki að taka. Forsvarsmenn flugfélagsins kenna vöndu veðri um. ■

Grunnskóli Blönduóss:

Börnin send á veitingahús

SKÓLAMÁL Gangi allir samningar eftir munu flestir nemendur grunnskólans á Blönduósi fara út að borða í hádeginu í allan vetur en bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að semja við veitingahús um skólamáltíðir barnanna í vetur.

Helgi Arnarsson skólastjóri segir þetta ekki jafn slæmt fyrir komulag og virðist við fyrstu sýn enda sé umrætt veitingahús á skólalóðinni sjálfri. „Það má segja að um nokkurs konar reddingu sé að ræða enda gafst sá upp er hafði samninga um skólamáltíðir til næstu tveggja ára. Ekkert mötuneyti er í skólanum og því er þetta ein besta landingin í málinu.“ - aðe

Kosningar í Noregi:

Stoltenberg sækir enn á

NOREGUR Verkamannaflokkur Jens Stoltenberg eykur enn á forskot sitt í aðdraganda norsku þingkosninganna sem fram fara 12. september. Stuðningur flokksins



Norsku
PINGKOSNINGARNAR



JENS
STOLTENBERG

mælist nú nær 35 prósent atkvæða. Næststærsti flokkur Noregs virðist vera Framfaraflokkur Carl Hagen, sem fengi riflega tuttugu prósent atkvæða ef gengið yrði til kosninga nú. Kristilegi þjóðarflokkurinn, flokkur forsætisráðherra, Kjell Magne Bondevik, tapar hins vegar enn fylgi og mælist nú með rétt rúm fimm prósent atkvæða en fékk riflega tólf prósent í síðustu þingkosningum.

- óá

Nýr sparkvöllur á Vopnafirði:

Meiðsli eru tíð

SLYS Nokkur ungmenni hafa meiðst á nýjum sparkvelli með gervigrasi á Vopnafirði en hann var tekinn í notkun fyrir um tíu dögum. Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri segir að meðal annars hafi tveir drengir brotnað en hann vill þó ekki kenna sparkvellingum um. „Meiðsli eru alltaf leiðinleg en þau fylgja knattspyrnuíðkun,“ segir Þorsteinn.

Eyjólfur Sverrisson er verkefnisstjóri sparkvallaáttaks Knattspyrnusambands Íslands og segir hann að 63 sparkvelli séu hringinn í kringum landið. „Ég hef ekki fyrr frétt af meiðslum á þessum völlum,“ segir Eyjólfur.

- kk



GEKK ALMENNT VEL Menningarnótt tókst vel að mati þeirra sem sáu um skipulagningu.

Skipulagning Menningarnætur:

Flestir ánægðir með hátíðina

BORGARMÁL Engin ákvörðun var tekin um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi Menningarnætur í Reykjavík á fundi aðstandenda sem fram fór í gær.

Skipuleggjendur og starfsmenn hátíðarinnar mættu á fundinn og báru saman bækur sínar. Samkvæmt heimildum voru allflestir á því að afar vel hefði tekist til í meginatriðum. Ýmsar hugmyndir voru þó ræddar um skipulagningu Menningarnætur að ári.

- aðe





Vinnuborð
M/pvingum, burðarþol 100 kg
5079907



Verkfærataska
Eldir, 16"
5024700

Verð áður 1.495
595



Tangasett
Great Neck, 3 stk
5052767

Verð áður 1.295
895



Berjatína
plast
2202086

995



Stingsög ROBUST
550 W, framkast, m/tösku
5245324

Verð áður 4.995
2.995



Höggborvél DWT
500 W, m/tösku og fylgihlutum
5245280

2.495

~~3.089~~



Borðsög, Delta
1500 W, 254 mm blað
5159211

16.895



Trappa
hvít, 3 þrep
5079078

1.995

~~2.095~~



Passar á Osann travel system kerru.

Barnabílstóll
blár, f/ 0-15 mánaða börn,
fyrir allt að 13 kg.
3000900

3.995

~~6.095~~

Ekkert mál



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 26.08.2005			
	KAUP	SALA	
Bandaríkjadalur	USD	63,13	63,43
Sterlingspund	GBP	114,02	114,58
Evra	EUR	77,71	78,15
Dönsk króna	DKK	10,416	10,476
Norsk króna	NOK	9,793	9,851
Sænsk króna	SEK	8,329	8,377
Japanskt jen	JPY	0,5754	0,5788
SDR	XDR	92,8	93,36
Gengisvísitala krónunnar			
108,63 -0,34%			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



FAGNAÐARFUNDIR Systurnar Yoo Moo-un og Yoo Soon-bok hafa ekki sést í áratugi.

Endurfundir í Kóreu:

Hittust eftir hálfra öld

SEÚL, AP Um 150 Suður-Kóreumenn hittu í fyrsta skipti í gær ættingja sína sem búa í Norður-Kóreu eftir rúmlega hálfra aldar aðskilnað. Á mánudag er svo ráðgert að 430 aðrir Suður-Kóreumenn fari norður að hitta ættingja.

Aldraðir Suður-Kóreumenn sækjast mjög eftir að komast norður yfir landamærin í nokkra daga til að hitta ættingja sem þeir skildu við fyrir hálfri öld. Þetta er í ellefta skipti sem slíkar ferðir eru farnar. Þá hefur einnig verið komið á fjarfundum með þar til gerðum tölvubúnaði. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

BÍLVELTA Í SKAGAFIRÐI Bílstjóri slapp án meiðsla að ráði þegar bíll hans fór út af veginum við Silfrastaði í Blönduhlíð í Skagafirði um þrjúleytið í fyrrinótt. Bílstjórinn var einn í bílnum, sem er töluvert skemmdur.

MEIDDUST LÍTLLEGA Fjórir voru fluttir með minniháttar meiðsl á sjúkrahús á Selfossi eftir bílveltu í fyrrinótt á Biskupstungnabraut til móts við Vaðnesafleggjara. Fimm voru í bílnum, sem var dreginn á brott.

TRILLU LEITAÐ TF-SIF, þyrila Landhelgisgæslunnar, var send til leitarað trillu sem datt úr talstöðvar sambandi við tilkynningarskyldu í gærmorgun. Trillan fannst um 50 sjómílu suðvestur af Reykjanesi klukkan rúmlega eitt eftir hádegi.



STRÁKARNIR OKKAR

Leigubílstjórar í Keflavík ósáttir við umgengni viðskiptavina af Vellinum:

Segir varnarliðsmenn ganga berserksgang

LÖGREGLUMÁL „Það fer ekkert á milli mála að framkoma þessara manna hefur versnað til muna síðustu misserin,“ segir Magnús Jóhannsson, framkvæmdastjóri Ökuleiða í Keflavík.

Tvívegis á stuttum tíma hafa bandarískir hermenn gengið berserksgang í bílum fyrirtækisins með þeim afleiðingum að eigendur þeirra urðu fyrir allmiklu tjóni.

Varnarliðsmenn hafa þannig oft ar en einu sinni skorið með hníf í sæti bílanna í vetur og einn leigubílstjóri lenti í því að þurfa að greiða 200 þúsund krónur fyrir hreinsun á bíl sínum eftir að einum hermanni blæddi heiftarlega í aftursætinu án þess að láta vita af því.

Magnús telur að utanríkisráðuneytið beri ábyrgð á gerðum varnarliðsmanna utan vallarmarka en þar er vísað á bug öllum tilraunum til að fá tjón bætt.

Hann kann enga skýringu á þessu háttalagi varnarliðsmanna en segir athugasemjastjórnir virðist sem flestir þeirra gangi um með stóra hnífa. „Þetta var ekki vandamál hér áður en það er til staðar nú og á því verður að taka. Hin leigubílastöðin í Keflavík þjónar ekki lengur varnarliðinu og við viljum ekki loka á þá því aðeins er um lítinn fjölda þeirra að ræða en stjórnmöld þurfa að axla sína ábyrgð.“



HNÍFAR ALGENGIR Leigubílstjórar í Keflavík segja áberandi hve margir varnarliðsmenn fari ekki út af vellinum án þess að bera hnífa á sér og noti þá jafnvel til að valda skemmdum á bílnum.

- aðe



BJÖRN INGI HRAFNSSON Játar hvorki né neitar áhuga á efsta sæti lista Framsóknarflokksins í Reykjavík.



ANNA KRISTINSDÓTTIR Hefur ekki gert upp við sig hvort hún leggur í slag við Alfreð Þorsteinsson.



ALFREÐ ÞORSTEINSSON Ákveðinn á að bjóða sig fram í efsta sæti listans og treystir á fjöldafylgi.

2000 framsóknarmenn fá að velja efstu menn

Framsóknarmenn í Reykjavík vilja opið val á efstu mönnum framboðslista. Alfreð Þorsteinsson hefur einn lýst yfir að hann sækist eftir efsta sætinu. Anna Kristinsdóttir og Björn Ingi Hrafnsson eru líklegir keppinautar hans.

STJÓRN MÁL Kjördæmasambönd Framsóknarflokksins í suður- og norðurkjördæmum Reykjavíkur undirbúa sameiginlegan fund þar sem endanlega verður ákveðið hvernig staðið verði að sjálfstæðu framboði Framsóknarflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Fundurinn verður haldinn innan tíðar.

Á félagsfundi Framsóknarflokksins í Reykjavík í fyrrakvöld var samþykkt að flokkurinn skyldi bjóða fram eigin lista líkt og aðrir R-listaflokkar hafa þegar ákveðið að gera.

Samþykktin felur að minnsta kosti í sér að öllum flokksbundnum framsóknarmönnum í Reykjavík verði gefinn kostur á að taka þátt í

vali fulltrúa og uppröðun á framboðslistann. Kjördæmasamböndin ráða því hins vegar hvernig á því verður staðið.

Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, fagnar þessari samþykkt. „Flokksbundnir framsóknarmenn eru yfir tvö þúsund í höfuðborginni og fram kom ótvíræður vilji fundarins til þess að hafa þetta val sem opnast.“

Alfreð Þorsteinsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti listans. Anna Kristinsdóttir varaborgarfulltrúi hefur ekki ákveðið hvort hún sækist einnig eftir fyrsta sætinu. Fréttablaðinu hefur ekki tekist að fá staðfestar fregnir um breiðan og almennan stuðning framsóknarmanna í

Reykjavík við framboð Önnu í fyrsta sætið.

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, játar því hvorki né neitar að hann hafi hug á að sækjast eftir efsta sæti listans. Fleiri gætu bæst í hópinn.

Talið er að sjötíu til níutíu manns hafi sótt félagsfund framsóknarmanna í fyrrakvöld. Auk þess sem samþykkt var að bjóða fram eigin lista Framsóknarflokksins og heimila sem flestum flokksmönnum að taka þátt í vali efstu manna á lista voru samninganefnd flokksins um áframhaldandi samstarf innan R-listans færðar þakkir enda hefði hún unnið af heilindum og teygst sig langt til frekara samstarfs.

johannh@frettabladid.is

Vesturbakkinn:

Landnemunum hefur fjölgað

JERÚSALEM, AP Ísraelskum landtökumönnum á Vesturbakkanum hefur fjölgað umtalsvert undanfarin misseri.

Eftir vel heppnaðan brottflutning Ísraels frá Gaza-ströndinni bjuggust margir við að svipuð þróun væri í bígerð á Vesturbakkanum. Nýjar tölur frá ísraelska innanríkisráðuneytinu sýna aftur á móti að landnemunum þar hefur fjölgað um fimm prósent á einu ári og eru þeir nú 246 þúsund. Búist er við að hluti þeirra 8.500 sem bjuggu á Gaza muni flytjast á Vesturbakkann og því muni fjöldi landtökumanna þar aukast enn meira. ■



SÍÐASTI STÖÐUMÆLIRINN Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar og Guðmundur Jóhannsson fjarlægja síðasta mælinn.

Bílastæðaklukkur á Akureyri:

Síðasti mælinn fjarlægður

BÍLASTÆÐI Allir stöðumælara Akureyri hafa verið fjarlægðir og heyrir nú sögunni til. Í stað stöðumælanna verða bílastæðaklukkur teknar í notkun og er búið að dreifa þeim í öll hús á Akureyri. Bíleigendum er skylt að stilla klukkuna samviskusamlega þegar bíl er lagt í stæði í miðbænum.

Mismunandi er eftir svæðum hversu lengi bílar mega standa óhreyfðir í stæði, frá fimmtán mínútum upp í tvær klukkustundir, en stöðuverðir fylgjast með að tímamörk séu virt og sekta þá sem fara fram yfir.

- kk

Stefán Jón Hafstein:

Vill skipa fyrsta sæti

STJÓRN MÁL Stefán Jón Hafstein hefur ákveðið að sækjast eftir fyrsta sæti á framboðslista Samfylkingarinnar.

„Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í fyrsta sæti á framboðslista Samfylkingarinnar í komandi borgarstjórnarkosningum. Ég hlaut mjög afgerandi og mikinn stuðning í það sæti í prófkjöri fyrir síðustu kosningar, og í kjölfarið hef ég gegnt mörgum ábyrgðarstöðum í borgarstjórn,“ segir Stefán Jón.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri sækist einnig eftir fyrsta sæti á listanum.

- bþg

VEÐRIÐ Í DAG

Norðanátt


Það má reikna með norðlægri eða breytilegri átt í dag og verður vindur yfirleitt fremur hægur. Þannig verður bjart áfram sunnan- og vestanlands, en annars skjáð og skúraveður norðaustanlands. Það er fremur svalt fyrir norðan og gæti fallið slydda til fjalla, en syðra er hitinn í kringum 10 stig. Á morgun snýst hann svo í austanátt og fer að rigna á Suðurlandi upp úr hádegi.

Nú eru haustlægðirnar farnar að sækja að okkur með tilheyrandi leiðindum, vindi og kólnandi veðri. Ætli maður fari ekki að taka fram húfur og vettlinga fyrir veturinn!



Kveðja Guðröður Arnardóttir náttúrufræðingur.

1 dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	17°C heiðskirt	Algarve	28°C heiðskirt
Oslo	13°C sk.m.köflum	Mallorca	26°C sk.m.köflum
London	21°C sk.m.köflum	Krít/Chanía	28°C heiðskirt
Paris	23°C heiðskirt	Barcelona	26°C sk.m.köflum

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Mánudagur



Nokkuð hæg áustlæg átt. Rigning með suður- og austurströndinni.



Allar
pottaplöntur
20-60%
afsláttur

Pottaplöntu- útsala



Orkideur
ný sending
999



Blómapottar **20% afsl.**



Íslensk ber Aðalbláber, krækiber og rífsber
eingöngu í Sigtúni


blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -



KJÖRKASSINN

Á Sjónvarpið að einbeita sér að innlendri dagskrárgerð?

Niðurstöður gærdagsins á **visir.is**

Já	60,1%
Nei	39,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Á Reykjavíkurborg að leigja Blind Pávilón til tveggja ára?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Hundruð trassa mánuðum saman að borga bifreiðatryggingar: Tvö þúsund ótryggðir bílar á götunum

UMFERÐARÖRYGGI Ríflega 2.200 bílar voru í gær á skrá Umferðarstofu yfir ótryggða bíla, þar af voru um 800 sem hafa verið á listanum frá því fyrir áramót. Gera má því ráð fyrir að yfir þriðjungur þeirra sem á annað borð skulda tryggingar trassi það mánuðum saman að borga.

Kristján V. Rúriksson, verkefnisstjóri hugbúnaðarþróunar hjá Umferðarstofu, segir mikla hreyfingu á listanum, enda séu stöðugt einhverjir að greiða upp tryggingar sínar og aðrir bílar að bætast á listann. Hann sagði skrána ná yfir bíla sem væru í umferð og á götunni. „Þeir sem reyna að sleppa við að borga

tryggingarnar beita náttúrulega ýmsum leiðum, leggja til dæmis ekki við heimili sitt, heldur í næstu götu og svo framvegis,“ segir Kristján en vill ekki skjóta á hversu margir bifreiðaeigendur á listanum séu svo kræfir. Hann segir lögregluna fá vikulega lista yfir ótryggða bíla og að auðvelt sé hægt að raða þeim upp þannig að það sjáist hverjir hafi trassað lengst að borga. - **ÓKÁ**

BORGARUMFERÐIN Í GÆR Umferðarstofa sendir lögreglu vikulega skrá yfir ótryggða bíla í hverju umdæmi, en vörubíll sem lenti nýverið í alvarlegum árekstri við strætisvagn var ótryggður og hefði átt að vera búð að klippa af honum númerin.



Lögreglan í Reykjavík: **Vill hjálp tryggingafélaga**

BIFREIÐATRYGGINGAR Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir lögregluna í stöðugri vinnu við að klippa númer af ótryggðum ökutækjum. Sökum umfangs segir hann lögregluna þó gjarnan vilja sjá breytingar á vinnulagi við starfann. „Til dæmis hvort tryggingafélögin geti ekki tekið meiri þátt, til dæmis með starfsfólki sem tæki að sér að leita uppi þessi ökutæki og það fengi síðan heimild til að taka númerin af bílunum. Það er alveg ljóst að þetta er óskaplega mikil vinna, sérstaklega við leit að ökutækjunum,“ segir hann, en á hverjum tíma eru um 1.100 ökutæki án lögboðinna trygginga í Reykjavík einni. - **ÓKÁ**

Má vísa þér á lægsta verðið?

200 sæti í boði til -korthafa.

Sértíloboð til VISA-korthafa: **2 fyrir 1** tilboð í sólina

Portúgal 29. ágú. og 5., 12., 19. sept.

37.950*

á mann m.v. að 2 ferðist saman.

67.100 kr./2 = 33.500 kr. á mann + flugvallarskattar*

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á Alagoamar, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

Benidorm 31. ágúst

34.280*

á mann m.v. að 2 ferðist saman.

60.900 kr./2 = 33.550 kr. á mann + flugvallarskattar*

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á Los Gemelos XXII, flugvallarsk. og ísl. fararstjórn.

Benidorm 5. okt.

48.180*

á mann m.v. að 2 ferðist saman.

88.700 kr./2 = 44.350 kr. á mann + flugvallarskattar*

Innifalið: Flug, gisting í 21 nótt á Halley, flugvallarskattar og ísl. fararstjórn.

*Verðdæmi til VISA-korthafa og miðast við að 2 ferðist saman. Innifalið er flug, gisting, fararstjórn erlendis og flugvallarskattar.



plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

Fjórtán börn týndu lífi í eldsvoðanum

Eldur kom upp í annað sinn á stuttum tíma í húsi afrískra innflytjenda í París og í þetta sinn brunnu sautján manns inni. Aðstæður þessa þjóðfélagshóps eru afar bágbornar.

FRAKKLAND Sautján afrískir innflytjendur fórust í eldsvoða í hrörlegu fjölbýlishúsi París í fyrrinótt. Þar af voru fjórtán börn. Harmleikurinn hefur beint kastljósinu að bágu aðbúnaði innflytjenda í landinu.

Eldurinn kom upp í húsi í 13. hverfinu en þar bjuggu afrískir innflytjendur frá Senegal og Malí, hundrað börn og þrjátíu fullorðnir. Talið er að eldurinn hafi kviknað á jarðhæð hússins undir miðnætti og næstu þrjár klukkustundirnar teygðu logarnir sig upp bygginguna svo að íbúarnir, sem flestir voru í fasta svefni, áttu sér enga undankomuleið.

Fjórtán börn voru á meðal þeirra sautján sem létust en 23 voru fluttir á sjúkrahús. Serge Blisko hverfisstjóri sagði að svo virtist sem flestir hefðu andast í svefni vegna reykeitrunar en slökkviliðsmenn telja að einhverjir hafi látist af sárum sínum.

„Ég heyrði börn gráta og fullorðna öskra,“ sagði Oumar Cisse, íbúi í húsinu, sem komst naumlega úr eldhafinu. „Mörg börn kölluðu í angist sinni á foreldra sína og fólk stökk ofan úr gluggum.“ Cisse bætti því við að húsið hefði verið í mjög slæmu ástandi og þar hefði verið krökkt af rottum, músum og öðrum meindýrum. Fólkíð hefði beðið eftir betra húsnæði síðan 1991 en ekkert hefði gerst.

Eldsupptök eru ókunn og vinnur lögregla að rannsókn á þeim. Þó er talið ólíklegt að rafmagn hafi valdið brunanum.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem mannskæður eldsvoði kemur upp í híbýlum innflytjenda í París en í apríl fórust 24



MANNLEGUR HARMLEIKUR Ættingjar þeirra sem týndu lífi í brunanum í París í gær voru að vonum miður sín í gær. Íbúar hússins höfðu mátt hirsta þar innan um rottur og mýs síðan 1991.

Þegar hótél brann til kaldra kola. Mikil reiði ríkir í Frakklandi vegna slæms kosts sem Afríkubúar yirðast þurfa að setta sig við. „Í París eru engin hús fyrir barnmargar fjölskyldur,“ sagði Dogad Dogoui, formaður samtaka afrískra innflytjenda í Frakklandi, í samtali við BBC. „Þessi börn eru frönsk börn. Þau eru þeldökk en engu að síður

frönsk. Það er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og borgaryfirvalda að finna þeim mannsæm- andi bústað.“

Jacques Chirac Frakklandsforseti lýsti yfir hryggð sinni og Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra fór á vettvang og skoðaði verksummerki. Honum var að sögn CNN mjög brugðið.

sveinng@frettabladid.is

Auralitlir farþegar með Norrænu: Fóru fram á pólitískt hæli

FERÐAMENN Fjögurra manna fjölskylda frá Búlgaríu, sem kom með Norrænu til Seyðisfjarðar síðastliðinn fimmtudag, hefur óskað eftir pólitísku hæli á Íslandi.

Lárus Bjarnason, sýslumaður á Seyðisfirði, segir að við reglulegt eftirlit hafi komið í ljós að fólkíð hefði ekki nægileg fjárráð til framfærslu á Íslandi. „Því var fólkinu gerð grein fyrir því að líklega yrði því vísað úr landi en þá fór það fram á pólitískt hæli. Fólkíð er nú í höndum Rauða krossins á Egilsstöðum en við munum senda Útlendingastofnun skýrslu,“ segir Lárus. - **KK**

NORRÆNA Sýslumaðurinn á Seyðisfirði segir að líklega muni Útlendingastofnun vísa fólkinu úr landi.



Kosningar í Srí Lanka: Tamílar eru hæstánægðir

SRÍ LANKA. AP Hæstiréttur Srí Lanka úrskurðaði í gær að halda skyldi forsetakosningar á þessu ári. Tíðindin þykja sigur fyrir stjórnarandstöðu Tamíla en að sama skapi áfall fyrir forsetann Chandrika Kumaratunga og stuðningsmenn hennar. Að hennar mati átti kjörtímabilið að vara ári lengur, en dómstöllinn komst að annarri niðurstöðu.

Vonast er til þess að úrskurðurinn og kosningarnar verði til þess að skriður komist á friðarferlið í landinu en þar hefur verið vopnahlé milli Tamíla og Singalesa síðan árið 2002. Vopnahléið hefur oft staðið tæpt en unnið er að því að koma á varanlegum friði. ■

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BOSCH VÖRUM!



2.621

3.435

Vnr.65745110

Töfrasproti

BOSCH töfrasproti með skál.



2.768

3.690

Vnr.65744610

Brauðrist

BOSCH brauðrist, 950W.

BOSCH VEISLA!

Lýkur um helgina



Vnr.74810010

**Háprýsti-
dæla**

BOSCH háprýstidæla,
AQUAT 10. 100 bar,
300 ltr. á klt., 1300W.

7.724

10.299



Vnr.74879965

Slípirokkur

BOSCH slípirokkur, GWS 660.

4.342

5.790



Vnr.65771866

Ryksuga

BOSCH ryksuga, 1800W, blá, BSG.

14.900

11.175

Vnr.74858862

**Skrall-
skrúfjárn**

BOSCH skrallskrúfjárn
með skrúfbitum.

1.990

3.805



BYGGIR MEÐ ÞÉR



BIOPAT NÁMIÐ!

Fyrirlestrar í ágúst:
Sunnudag 28. ágúst kl. 14-17

Norræna húsið, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Verið velkomin!! Verð kr. 1500

Fyrirlestur um Biopati fyrir þig sem langar að vita meira um náttúrulyf fyrir eigin meðhöndlun, fyrir þig sem vinnur með óhefðbundnar lækningar, eða ert að hugsa um að fara í Biopat-námið, sem byrjar í Reykjavík september 2005.

Stór og breið menntun innan náttúrulækninga

- 18 eða 36 mán. MENNTUN, á hlutatíma
- Menntun í m.a..
 - *Næringarefnafræði *Vítamín- og steinefnafræði
 - *"Regulations"- og jurtameðhöndlun (urter)
 - *Samlífsfræði, *Ónæmisfræði
 - *Írisgreining *Svæðanudd og margt fleira....

SAMBAND ÍS.:
Sigurdís Hauksdóttir – TLF 5540427

Biopatskolen,
Pilegårds Vænge 44,
DK 2635 Ishøj

KONTAKT DK:
TLF +46 702879405 FAX +45 43533432
MAIL: Biopatskolen@ishoejby.dk

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



NÝ VERSLUN Í SMÁRALIND



GLÆSILEG ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!
opnunartilboð alla helgina!

Full búð af nýjum vörum - komið og gerið góð kaup á glæsilegum skólafatnaði!

Zink
Smáralind • sími 554 4242 • www.zink.is

Beiðni um krufningarskýrslu í Ásláksmáli:

Kröfu verjanda hafnað

DÓMSMÁL Kröfu Björns Ólafs Hallgrímssonar, verjanda Lofts Jens Magnússonar, um að kvaddir yrðu til matsmenn til að fara yfir krufningarskýrslu Þóru Steffensen réttarmeinafræðings var vísað frá í gær. Arnfríður Einarssdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurðinn. Lofti Jens er gefið að sök að hafa með hnefahöggi banað Ragnari Björnssyni á veitingahúsinu Ásláki í Mosfellsbæ í byrjun desember á síðasta ári.

Björn Ólafur kvaðst taka sér umhugsunarfrest þar til á mánudag um það hvort hann kærði úrskurðinn. Öðrum kosti er málinu vísað til aðalmeðferðar þann 18. október.

- óá

FRÉTTABLAÐIÐ/EÓL



BJÖRN ÓLAFUR HALLGRÍMSSON Tekur sér umhugsunarfrest fram yfir helgi um það hvort hann kærir úrskurð Héraðsdóms.

Úsbesk stjórnvöld:

Hundruð pyntuð til játninga

ÚSBEKISTAN Yfirvöld í Úsbekistan hafa hneppt hundruð manna í varðhald og þvingað þá til að viðurkenna tengsl við íslamska öfgamenn. Samtökin Human Rights Watch segja stjórnvöld hafa gert þetta til að réttlæta harkalegar aðgerðir sínar gegn mótmælendum í bænum Andizhan í maí sem kostuðu 500 mannslíf.

Ríkisstjórnin hefur hafnað alþjóðlegri rannsókn á þessum hörðustu aðgerðum stjórnarhers gegn borgurum síðan fjöldamorðin á Torgi hins himneska friðar í Kína árið 1989. Hún staðhæfir að aðfarirnar hafi verið nauðsynlegar til að berjja niður íslamska bókstafstrúarmenn. ■

MYNDVÍKURFRÉTTIR/ATU MÁR



UPPBOÐSGÓSS Starfsmenn sýslumannsembættisins með sýnishorn af því sem hægt verður bjóða í á uppboðinu í dag.

Sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli:

Mótorhjól, gullkeðjur og pels á uppboði

UPPBOÐ Margt óvenjulegra muna verður á uppboði sem sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli efnir til í dag. Þar má nefna bifreið, tjaldevagn, pels, hljómlutningstæki og mótorhjól. Byssukíkir verður einnig á uppboðinu, svo og forlata veiðistöng, fjöldinn allur af hátölurum, skartgripir, þar á meðal gullkeðjur, og tískufatnaður.

Að sögn Guðmundar Kárasonar, starfsmanns embættisins, er þessi varningur að mestu til kominn vegna tollamála þegar reynt var að smygla honum inn í landið, en laganna verðir sáu við þeim tilraunum og gerðu hann upptækan. Ýmist var um að ræða smygtilraunir varnarliðsmanna, sem voru þá teknir í hliðinu, eða far-

þega sem komu í gegnum Leifsstöð. Í þeim tilvikum þar sem varnarliðsmenn voru að verki var það einkum fatnaður sem var gerður upptækur.

Uppboðið hefst klukkan 13 og verður að Grænási 10 í Reykjaneshæ. Menn þurfa að staðgreiða við hamarshögg, ávisanir verða ekki teknar gildir.

- jss

MYND/AP



BRIM VIÐ FLÓRÍDA Vindhraðinn mældist yfir 40 metrar á sekúndu.

Fellibylurinn Katrina gekk á land á Flórída:

Sjö létust í fárviðrinu

FLÓRÍDA, AP Að minnsta kosti sjö létust þegar fellibylurinn Katrina gekk á land á suðurhluta Flórída í fyrrinótt. Tré rifnuðu upp með rötum og yfir ein milljón heimila varð rafmagnslaus í fellibylinum. Vindhraði mældist yfir 40 metrar á sekúndu. Katrina heldur svo á haf út á Mexíkóflóa þar sem óttast er að hún geti valdið skemmdum á olíuborðöllum.

Rigningin sem fylgdi ofviðrinu olli einnig töluverðum vandræðum en 380 millimetra ofan-koma mældist á sumum mæli-

stöðvum í Miami-Dade sýslu.

Mestu skemmdirnar af völdum fárviðrisins urðu í húsbílagörðum þar sem heimili fólks bókstaflega beyttust upp í loftið. Einnig urðu miklar skemmdir þegar brú yfir mislæg gatnamót hrundi niður á hraðbrautina fyrir neðan.

Jeb Bush, ríkisstjóri Flórída, hvatti fólk í ljósi reynslunnar af fellibyljunum Ívan, sem gekk yfir í fyrra, og Dennis, sem blés í vor, til að fylgjast vel með ferðum Katarínu og yfirgefa heimili sín ef frekari hætta steðjaði að. - óá

018 29335 08/2005

HVER KRÓNA AF SELDUM
VIVA GLAM

VARALIT OG VARAGLOSSI

MAC RENNUR Í ALNÆMISSJÓÐ MAC
TIL STUÐNINGS KÖRLUM, KONUM OG BÖRNUM SEM ERU MEÐ HIV OG ALNÆMI

Komdu uppádressuð eins og Pamela Anderson til okkar í dag. Sú allra flottasta fær gjafapakka frá MAC.

DEBENHAMS

SMÁRALIND

Ó borg,
mín borg!

Dublin
í allt haust!



Netverð

39.319 kr.

m.v. að 2 fullorðnir ferðist saman.
Innifalið: Flug, gisting í 2 nætur
á Camden Court hótelinu,
flugvallarskattar og íslensk
fararstjórn.

plús

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



Talstöðin
FM 90,9

Hugsanleg sameining níu sveitarfélaga við Eyjafjörð:

Engum bæjarstarfsmanni sagt upp

SAMEINING Enginn núverandi starfsmaður sveitarfélaganna níu við Eyjafjörð mun missa vinnu sína þó sameining verði samþykkt í kosningunum 8. október næstkomandi. Í skýrslu vinnuhóps um stjórnsýslu í sameinuðu sveitarfélagi segir að í einhverjum byggðarkjarnanna muni störfum hugsanlega fjölga en hins vegar sé ljóst að sumir starfsmenn verði færðir til í starfi eða verkswið þeirra breytast. Miðstöð stjórnsýslunnar verður á Akureyri en þjónustuskrifstofur verða í flestum byggðarkjörnum.

Oktavía Jóhannesdóttir, hópstjóri stjórnsýsluhóps samstarfsnefndar sveitarfélaganna níu,

segir að æðstu stjórnendum sveitarfélaganna, bæjar- og sveitarstjórnunum og einum starfandi oddvita, verði boðin störf ef þeir óski svo en væntanlega muni laun þeirra lækka. „Við getum eðlilega ekki haft fjölda manns á bæjarstjórallaunum en hagræðing hvað varðar starfsmannamál felst fyrst og fremst í því að hugsanlega verður ekki ráðið í störf sem losna hjá sameinuðu sveitarfélagi,“ segir Oktavía. - **kk**

OKTAVÍA JÓHANNESDÓTTIR Bæjar- og sveitarstjórnar á Eyjafjarðarsvæðinu munu lækka í launum ef sveitarfélögin sameinast og þeir kjósa að starfa hjá nýju sveitarfélagi.



CRM markaðslausnir:

Þrír menn sæta ákæru

DÓMSMÁL Þrír sæta ákæru vegna fyrirtækisins CRM markaðslausna ehf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta í sumar; framkvæmdastjóri, stjórnarformaður og stjórnarmaður.

Mönnunum er gefið að sök að hafa á árunum 2001 og 2002 látið undir höfuð leggjast að standa skil á 756 þúsund króna virðisaukaskatti og fyrir að standa ekki skil á launatengdum gjöldum upp á rúmar 4,9 milljónir króna. Báðir stjórnarmennirnir neituðu sök, en framkvæmdastjórinn fór fram á frest til að taka afstöðu til ákærunnar. - **óká**

Bush blandast í viðræðurnar

Enn er pattstaða í stjórnarskrágerð Íraks. Sjáar og Kúrdar hyggjast leggja plaggið í dóm þjóðarinnar þrátt fyrir mikla andstöðu súnnía við inntak þess. Sem fyrr er valddreifing ásteytingarsteinn. George W. Bush Bandaríkjaforseti blandaði sér í gær í viðræðurnar í gær þegar hann hringdi í leiðtoga heittrúaðra sjáa.

ÍRAK Íraskir sjáar og Kúrdar munu að öllum líkindum leggja drög að stjórnarskrá landsins í dóm þjóðarinnar án þess að þingið fjalli sérstaklega um málið. George W. Bush Bandaríkjaforseti hringdi í gær í Abdul Aziz al-Hakim, einn leiðtoga heittrúaðra sjáa, og bað hann um að slá af helstu kröfum sínum.

Íraska þingið fékk ekki að fjalla um drög að stjórnarskrá landsins í gærkvöldi eins og búist hafði verið við, þar sem enn ríkir sundrung á meðal sjáa og Kúrda annars vegar og súnnía hins vegar um inntak plagginsins. Allt bendir því til að fyrrnefndi hópurinn vísi uppkastinu til þjóðar- atkvæðagreiðslu 15. október en án blessunar súnnía gæti slík ráðstöfun kynt enn frekar undir ófriðarbálinu sem þegar logar í landinu.

Í gær hringdi George W. Bush Bandaríkjaforseti í Abdul Aziz al-Hakim, leiðtoga Íslamska byltingarráðsins í Írak og einn af oddvitum heittrúaðra sjáa, og hvatti hann til að miðla málum svo sættir næðust. Talsmaður al-Hakim sagði að sjáar væru til viðræðu um að endurskoða sínar

ítrustu kröfur um að Írak yrði sambandsríki og um hreinsun valdakerfisins af fyrrverandi félögum úr Baath-flokknum. Engin viðbrögð hafa fengist frá súnníum um tilboð sjáanna en ólíklegt þykir að þeir láti freistast af því.

Sem fyrr stendur aðalágrein- ingurinn um valddreifingu í landinu. Í núverandi drögum er gert ráð fyrir að átján héruð landsins hafi umtalsverða sjálfstjórn og engin takmörk eru sett fyrir því hversu mörg þeirra mega hafa sig saman og mynda stærri einingar. Slíkt hugnast súnníum afar illa því þeir óttast að verða landluktir í miðju Írak án nokkurra olíulinda. Sjáar og Kúrdar hugsa hins vegar með hryllingi til þeirra tíma þegar öflug einræðis- stjórn stjórnaði öllu frá Bagdad og vilja því ríkt sjálffræði.

Afskipti Bush af íröskum inn- anríkismálum eru svo allrar at- hygli verð og sýna hversu mikið stjórnvöld í Washington leggja upp úr að skriður komist á stjórn- málauppbyggingu í landinu. Hann á enda í vök að verjast heima fyrir þar sem stuðningur- inn við hersetuna fer stöðugt þverrandi. **sveinng@frettabladid.is**



BEDIÐ FYRIR BETRI TÍÐ Skoðanir Íraka á nýju stjórnarskránni eru mjög skiptar. Stuðnings- menn sjaklerksins Muqtada al-Sadr héldu mótmælafund í í Kazimiyah-hverfinu í Bagdad í gær en þeir leggja eindregið gegn því að landið verði gert að sambandsríki.

Hlé hefur verið gert á fílaflutningum í Kenía:

Bifreiðin gaf sig undan fílum

KENÍA, AP Stærstu fílaflutningar í sögu Kenía standa nú yfir. Hlé hefur hins vegar verið gert á flutningunum þar sem bifreið sem flytja á fíla gaf sig undan þunganum.

Kenísk yfirvöld áforma að flytja 400 fíla frá verndarsvæðinu í Shimba-hæðum til þjóðgarðsins í Austur-Tsavo 350 kílómetra í burtu. Shimba-hæðir eru heim- kynni 600 fíla í dag en aðeins er talið að svæðið geti borið 200 dýr með góðu móti. Því hafa fílaflut- gert sig heimakomna í manna- byggðum í æ ríkari mæli þar sem þeir slasa fólk og spilla uppskeru.

Fyrsta dýrið sem átti að flytja

var 22 ára tarfur en ekki vildi betur til en svo að flutningabíllinn sem flytja átti skepnuna á fimmtudaginn gaf sig undan þunga hennar. Því hefur flutning- unum verið frestað um óákveðinn tíma og er þessi 200 milljóna króna aðgerð því í uppnámi.

Hart hefur verið sótt að fílun- um undanfarna áratugi. Árið 1972 bjuggu 25.268 fílar í Austur-Tsavo en í dag eru þeir einungis 10.397. Orsök fækkunarinnar er að sjálf- sögðu veiðipjófnaður en eftir að alþjóðlegt bann við viðskiptum með fílaein var sett á 1989 hefur mjög dregið úr slíkum drápum.

- **shg**



TARFURINN DREGINN Á PALL Áður en reynt var að koma skepnunni upp á vörubílinn var hún svæfð og síðan bundin. Ekkert varð þó af ferðalaginu.

Drepfyndin verðlaunabók

Skotgrafarvegur
Kari Hotakainen

**KOMIN Í
VERSLANIR**

Eftir að kona Matti fer frá honum með fimm ára dóttur þeirra ákveður hann að grípa til aðgerða til að sameina fjölskylduna að nýju.

Frábærlega vel skrifuð og skemmtileg saga sem farið hefur mikla sigurför um flest lönd Evrópu og alls staðar orðið metsölubók. Finnskur húmor eins og hann gerist bestur.

„Ég hló svo mikið að ég var nærri dottinn af stólnum.“

- Lasse Pöysti

**Bókmenntaverðlaun
Norðurlandaráðs
2004**



Mál og menning
edda.is

ÓTRÚLEG VERÐ!

HÁGÆÐA GEGNHEIL EIKAR HÚSGÖGN



„LIVA“ BORD + 4 STÓLAR

Glæsilegt borðstofuborð úr gegnheilli eik sem hægt er að stækka í báða enda.

Fallegir stólar með mjúkri og þægilegri setu.

Borð st. 160x90 sm.....**24.900,-**

Stóll verð aðeins.....**6.990,-**

Stækkunarplata verð aðeins **4.990,-**

Borð + 4 stólar

49.000,-

„LIVA“ SKENKUR

Glæsilegur skenkur í stil við borðið og stólana.

St. 140x86x45 sm.

29.900,-



„LIVA“ HILLA MEÐ 5 HILLUM

Falleg hilla úr gegnheilli eik. Hæð: 161,5 sm.

Breidd: 70 sm. Dýpt: 30 sm.

7.990,-

„LIVA“ HILLA MEÐ 3 HILLUM

Falleg hilla úr gegnheilli eik. Hæð: 84,5 sm.

Breidd: 70 sm. Dýpt: 30 sm.

4.990,-



„LIVA“ SÓFABORD

Glæsilegt sófaborð úr gegnheilli eik.

St. B: 72 sm x L: 130 sm x H: 55 sm.

12.900,-



www.rumfatalagerinn.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Tryggingafélögin verða árlega að fella niður ábyrgðartryggingar af fjölda bíla.

Óskoðaðir og ótryggðir bílar

Hvernig má það vera að hundruð eða þúsundir bíla séu ótryggð og óskoðuð í umferðinni hér á landi? Þetta er staðreynd sem ekki verður vikist undan að taka til alvarlegrar athugunar. Það er eitt-hvað brogað við bílatryggingakerfið og eftirlit með því. Hér áður fyrr, þegar menn þurftu að mæta árlega með bíla sína í skoðun, hvort sem þeir voru aðeins ársgamli eða margra ára, var þetta ekki vandamál, því bílarnir fengu ekki skoðun nema hægt væri að framvísa kvittunum fyrir greiðslu ábyrgðartrygginga af þeim. Eftir að skoðunarreglum var breytt og bíleigendur þurfa ekki að koma með nýja bíla til skoðunar árlega virðist sem eftirlit með greiðslu ábyrgðartrygginga hafi slaknað.

Eftir alvarlegt umferðarslys á fjölförnum gatnamótum í Reykjavík á dögunum kom í ljós að stór og mikill vörubíll sem þar

Ef tryggingafélögin myndu fela einhverjum öðrum að elta uppi þá sem aka um á ótryggðum bílum þyrfti eflaust að breyta lög-um og reglugerðum, þannig að starfsmenn öryggisfyrirtækja fengju heimild til að klippa númer af bílum sem væru ótryggðir í umferðinni. Þetta yrði þá sambærilegt við það að nú annast mörg einkafyrirtæki skoðun á bílum.

átti hlut að máli var bæði óskoðaður og ótryggður. Með réttu átti að skoða vörubílinn í vor og var því komið fram yfir þann tíma sem bifreiðaeigendur hafa til að koma með bíla til skoðunar. Þegar um stóra og mikla atvinnubíla er að ræða sem eru mikið í umferð-inni er það lágmarkskrafa að eigendur þeirra láti skoða þá á rétt-um tíma. Atvinnumenn ættu að vera fyrirmynd annarra í umferð-inni hvað þetta varðar. Þeir geta með trassaskap sínum komið óorði á aðra í stétt sinni, þannig að saklausir verði fyrir aðkasti.

Það var ekki nóg með að þessi stóri og mikli vörubíll væri óskoðaður, heldur höfðu tryggingaiðgjöld ekki verið greidd á rétt-um tíma. Í umræðu sem orðið hefur eftir þetta alvarlega slys, þar sem strætisvagnabílstjóri missti báða fótleggi neðan við hné, hefur komið í ljós að tryggingafélögin ætlast til þess að lögreglan hafi uppi á bílum sem ekki eru með ábyrgðartryggingar í lagi. Þá hefur það komið fram að þetta hlutverk lögreglunnar er ekki á forgangslista í daglegum störfum hennar. Það er mikil spurning hvort lögreglan á yfirleitt að sinna þessu, hvort kröftum hennar er ekki betur varið við eitthvað annað, eins og aukið umferðar-efirlit í bæ og borg og úti á þjóðvegum.

Ef tryggingafélögin myndu fela einhverjum öðrum að elta uppi þá sem aka um á ótryggðum bílum þyrfti eflaust að breyta lögum og reglugerðum, þannig að starfsmenn öryggisfyrirtækja fengju heimild til að klippa númer af bílum sem væru ótryggðir í umferðinni. Þetta yrði þá sambærilegt við það að nú annast mörg einkafyrirtæki annast skoðun á bílum. Það fyrirkomulag hefur gefist vel þótt margir spáðu ekki vel fyrir því þegar ríkið sleppti hendinni af skoðun á bílum.

Í umfjöllun Fréttablaðsins um þetta mál hefur komið í ljós að tryggingafélögin hafa í ár felld niður ábyrgðartryggingar á hundruðum eða þúsundum bíla. Þeir sem verða fyrir tjóni af bílum sem þannig er ástatt um fá bætur hjá tryggingafélögum, en þau eiga svo endurkröfu á eigendur bílanna. Þar getur oft verið um miklar upphæðir að ræða sem bíleigendur þurfa að greiða og því eins gott fyrir þá að greiða tryggingar á gjalddaga. ■



LEIDSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL



www.mk.is

Almenn leiðsögn - Gönguleiðsögn - Afþreyingarleiðsögn

Fjallageitur og framtíðar leiðsögumenn

- nokkur pláss laus vegna forfalla í Leiðsöguskólanum

Inntökuskilyrði
Umsækjendur þurfa að vera orðnir 21 árs við upphaf námsins, hafa stúdentspróf eða sambærilega menntun ásamt því að hafa gott vald á einu erlendu tungumáli. Inntökupróf í tungumáli verður haldið fimmtudaginn 1. september.

Upplýsingar: Anna Vilborg Einarasdóttir
Sími: 594 4025 Netfang: Isk@mk.is

Leiðsöguskóli Íslands við Digranesveg, Kópavogi



FRÁ DEGI TIL DAGS		
Sjálfstæði ritstjórna Skiptar skoðanir eru um það, hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af afskipt-um eigenda fjölmiðla af ritstjórnarlegu efni þeirra. Sumir telja að ritstjórnir eigi að vera fullkomlega sjálfstæðar og starfa á grundvelli opinberra siðareglna. Þetta er sú lína sem yfirlýst er að Fréttablaðið fylgi. Samfylkingin boð-aði á sínum tíma laga-frumvarp til að hnykkja á þessari reglu, en til þess hefur ekkert spurst. Aðrir vara við því að of langt sé gengið í þessu efni. Það geti á sinn hátt takmarkað tjáningar-frelsið. Eigendur fjölmiðla hljóti að mega hafa áhrif á efni þeirra og efnistöð á sama hátt og gengur og gerist í fyrir-tækjarekstri. Þá er spurningin hvort fjöl-	miðlun sé ekki annars eðlis þannig að þessi samunburður eigi ekki við.	Í eigin óþökk Þessi skrif urðu til þess að minna einn af lesendum okkar á eftirfarandi klausu úr eldri pistli á vefsíðu ráðherrans. Hinn 13. janúar 2001 stendur þar: „Í sömu andrá og ég er að leggja síðustu hönd á þennan pistil er viðtal í RÚV um fjölmiðla við Her-dísi Þorgeirsdóttur, sem er að fjalla um þá fræðilega við háskóla í Svíþjóð. Hún leggur áherslu á, að starfsmenn fjölmiðla skuli hafa frelsi til að vinna störf sín, hvað sem eigendur þeirra segja, en umræður á þess-um forsendum enda alltaf í öngstræti, eins og sannast, þegar ætlunin hefur verið að festa reglur um slíkt í alþjóðasamninga til dæmis á vettvangi Evrópuráðsins. Verður þess krafist af einhverjum, að hann verji eigin fjármunum í eigin óþökk? Skyldu þeir, sem þannig tala, vera tilbúnir til þess sjálfir, væru þeir loðnir um lófana?“ gm@frettabladid.is

Stjórn málin hafa setið eftir

Það má hafa nokkuð gaman af þessum undanfara prófkjara vegna komandi sveitarstjórnar-kosninga sem við upplifum þessa dagana. Sveitarstjórnar-menn – og þeir sem vilja verða sveitarstjórnarmenn – eru allt í einu eitthvað svo hugmyndarík-ir og frjóir. Einn vill landfyll-ingu út í Akurey, annar tennis-völl á Klambratún, þriðji flug-völl út á Löngusker og fjórði kaffihús niður í Hljómskála-garð. Og svo hefur hjartað í þessu fólki skyndilega stækkað. Það finnur til með gæslukonum sem missa vinnuna, útígangs-mönnum sem eru svangir og barnmörgum fjölskyldum. Það vill öllum vel. Er ráðdeildar-samt og réttsýnt. Glæðlegt en alls ekki kærulaust. Lífsglatt en ábyggilegt og traust. Alveg eins og við hin en samt tilvalið til að leiða okkur og hjálpa, stýra okkur og stjórna.

Ég skal alveg viðurkenna að ég hef fyrir löngu síðan misst þráðinn í íslenski pólitík. Ég hef ekki hugmynd um það leng-ur hvað þetta fólk er að selja mér. Ég veit það vill geisla af trausti, en ef stjórnvöld, sveit-arstjórnir og stjórnámálamenn vekja með mér einhverja til-finningu er það nettur ugður um að þessi fyrirbrigði muni gera líf mitt erfiðara, leiðinlegra og ruglaðra en það þyrfti að vera. Og ég veit að ég verð blankari eftir viðskipti við þetta fólk. Æði stór hluti af innkomu minni – og væn sneið af allri eyðslu minni – fer til ríkis og bæjar, og það verður að segjast eins og er að þetta fé fer ekki allt til nýtra verkefna heldur brennur að mestu upp í brúðli og tilgangs-leysi.

En þótt ég geti eins og aðrir borgarar kvartað undan stjórn-málamönnum held ég að það sé eiginlega enn verra hlutskipti í dag að vera stjórnámálamaður.

Í DAG

STJÓRN MÁLAUMRÆÐAN

GUNNAR SMÁRI EGILSSON



Kannski höldum við stjórn-málaumræðunni gangandi af virðingu fyrir fólki fyrra tíma sem gat tekist á um raunveru-leg verðmæti og glímt við raunverulegan vanda – stjórn-málamenn sem tókust á við meira krefjandi verkefni en kaffihús í Hljómskálagarðinum eða tennisvöll á Klambratúni.

Sem kunnugt er skipa stjórn-málamenn sér í flokka til að standast betur samkeppni um atkvæði almennings við aðra flokka stjórnámálamanna. Þeir reyna síðan í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi almennrar um-ræðu að draga fram kosti sína og síns flokks og ágalla annarra flokka, tillagna þeirra og fram-bjóðenda. Stjórnálavettvang-urinn er því ekki ólíkur annarri samkeppni; viðskiptum eða íþróttum – svo dæmi séu tekin. Munurinn er helstur sá að í við-skiptum þykir ekki góð latína að eyða púðri í að sverta sam-keppnisaðila en í stjórnámum verja menn mestum tíma sínum í þá iðju. Áður fyrr mátti heyra á íþróttavöllum hrakyrði stuð-ingsmanna um andstæðinginn til jafns við hvatningu til sinna manna; en flestir áhugamenn um íþróttir hafa aflagt slíkt – nema allra verstu fótbolta-bullur, sem af þeim sökum er

meinað að ferðast á milli landa og jafnvel til næsta bæjar. En í stjórnámum þykir enn gott og gilt að hreyta hnjóðsyrðum í andstæðinginn og njóta þeir stjórnámálamenn mestrar virð-ingar kollega sinna sem leikn-astir eru við þá iðju.

En þótt tilburðir og fram-koma stjórnámálamanna sé þannig æði hallærisleg og úr tísku fallin er eiginlega enn sorglegra að öll sviðsetning stjórnámálanna, orðanotkun og svipbrigði – allar þessar enda-lausu áhyggjur, hneykslan og vandlætning – virðist vera sótt í átök sem eru löngu liðin og hug-myndaheim sem er ekki bara horfinn, heldur sem enginn saknar. Stundum virka stjórn-málin á okkur eins og sviðsetn-ing á Skugga-Sveini eða leikriti eftir Molière; leikarar að velkj-ast um í hlutverkum sem þóttu einu sinni fyndin en vekja engum bros lengur – eins konar fórn til menningararfsins. Kannski höldum við stjórn mála-umræðunni gangandi af virð-ingu fyrir fólki fyrra tíma sem gat tekist á um raunveruleg verðmæti og glímt við raun-verulegan vanda – stjórn mála-menn sem tókst á við meira krefjandi verkefni en kaffihús í Hljómskálagarðinum eða tenn-issvöll á Klambratúni.

Samfélagið tekur sífelldum breytingum og ekki bara hegðan manna á kappleikjum. Það sem einu sinni þótti gott og gilt verð-ur einn daginn óþarft og til-gangslaust. Það hefur margt breyst hjá okkur á undanförnum árum og áratugum og flest til nokkurs batnaðar. En það er eins og stjórn málin hafi setið eftir. Og það er fyrir löngu orðið tímabært að stjórnámálamenn-irnir okkar, flokkarnir þeirra og stefnumálin, verði líkari öðrum þáttum samfélagsins og þjóni þeim betur. ■

Opinberan einkalífs og skoðana

Bloggóð þjóð

Hættur og tækifæri á netinu

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA



ÚTÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprent-smíðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÞÚ GETUR ALLT

Hagkvæmur og traustur Nissan Double Cab



SKIPT_um væntingar



Bíll á mynd er 33" breyttur

NISSAN DOUBLE CAB 4x4

Nissan Double Cab er rétti bíllinn fyrir verktaka og framkvæmda-menn sem þurfa að sinna störfum sínum óhindrað, hvað sem á dynur. Hann er frábær kostur í sportveiði og útivist utan alfaraleiða, þægilegur á langferðum og á hreint ótrúlegu verði. Hentu dótinu á pallinn og þú ert til í slaginn!

Double Cab 2,5 DC dísil

- Beinskiptur
- 133 hestöfl
- 1125 kg burðargeta

Breyttur, 33" breyting, samlitir stuðarar, stigbretti og Pioneer geislaspilari.

Verð 2.390.000 kr.

Tilboðsverð 2.090.000 kr.

21.802 kr. pr. mán.

Verð 3.090.000 kr.

Tilboðsverð 2.700.000 kr.

28.125 kr. pr. mán.



*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyjarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
--	--	--	---	--	--	--	---	---

VELKOMIN Í STÆRSTU HÚSGAGNAVERSLUN

frábær gjafavörudeild á 1. hæð



CABARETT
diskar, hvítt
postulín og
viðarbakki.

1.790
verð áður 2.280



DJÚPIR DISKAR
4 STK
postulín

1.490
verð áður 1.980



RIFJÁRN
MEÐ
GEYMSLUBOXI

990
verð áður 1.380



MOKKA
expresso
kaffivél, gler

7.980
verð áður 9.980



DROPLINE
mælliskeið &
bursti, króm

980
verð áður 1.380

3.STK SKÁLAR
OG SLEIF
Selt fæst í rauðu
og hvítu plasti.

1.990
verð áður 2.980



SQUARE KRUKKUR
gler með stállok,

340
verð áður 490

590
verð áður 780

790
verð áður 980

890
verð áður 1.080



OSTABAKKI
MEÐ HNÍF

2.995
verð áður 3.980

PRIMA
OSTABOX

990
verð áður 1.490



HOTPOT
SKÁLASETT
gler/korkur

2.990
verð áður 3.980



GRILLHANSKI

595
verð áður 695

DISKAMOTTA

390
verð áður 490

DISKAMOTTA
Fléttuð,
ýmsir litir

OPIÐ ALLA DAGA

Mánudaga - föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

Á ÍSLANDI

Tilboðin gilda
aðeins um helgina



HÚSGAGNAHÖLLIN



FONDUE sett úr
burstuðu stáli.
6 pinnar fylgja.

9.980
verð áður 13.980



PRESSUKANNA
OG 4 BOLLAR

2.490
verð áður 3.480



ÓLÍFUBÁTUR
40 x 4 x 3 cm
hvítt postulín

390
verð áður 490



6 STK.

BOLLAR
6 STK. Í STANDI
ýmsir litir/postulín

1.190
verð áður 1.590



SKURÐARBRETTI
ljós víður, 45 x 30 cm

970
verð áður 1.290

SKURÐARBRETTI
ljós víður,
30 x 16 cm og
39 x 24 cm

490

verð áður 680

870

verð áður 880



KAFFISÝRÓP
margar gerðir
200 ml

990

verð áður 1.490



HNÍFAPÖR
Sett fyrir 4,
stál

2.490

verð áður 3.580



490
verð áður 590

BBQ SET
4STK+SVUNTA
stáláhöld,
svart plast

1.190
verð áður 1.580

HITAKANNA
1,5L
burstað stál

4.980
verð áður 7.980



HITARI
Króm

490
verð áður 690

KAFFIBOLLAR
4.STK
postulín

1.290
verð áður 1.680

SALAT-
SKÁLAR SETT
króm

2.190
verð áður 2.790



HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200

MAÐUR VIKUNNAR

Tekur á málum af sanngirni

GEIR JÓN ÞÓRISSON
YFIRLÖGREGLUÐJÓNN Í REYKJAVÍK

Geir Jón Þórisson yfirlögrelupjónn var ekki ýkja glaður þegar Menn-ingarnótt í Reykjavík náði hátindi sínum síðastliðið laugardagskvöld og aðfaranótt sunnudags. Hann stóð vaktina með sínum mönnum og fannst satt að segja lítill menningarbragur á hegðun ýmissa bæjarbúa og gesta þeirra. Kófdrukknið og ruglaðir ráfuðu ungir sem aldnir um götur miðborgarinnar meðan aðrir slóust með berum hnefum eða flöskum eða gripu til eggvopna. „Okkur fannst á tímabili að við værum jafnvel að missa þetta allt saman yfir okkur. Það var alveg á mörkunum,“ sagði Geir Jón í viðtali við Fréttablaðið á fimmtudaginn. Það lá við mágæsingu í bænum. Og það furðulega er að það vissi enginn af hverju fólkið var svona æst og yfirspennt. Geir Jón vill að ábyrgir aðilar setjist nú niður og ræði til hvaða ráðstafana sé hægt að grípa, því svona nokkuð sé ekki hægt að líða ár eftir ár.

Borgaryfirvöld komast ekki hjá því að hlusta á Geir Jón. Hann þykir jafnan vera rödd skynsemi og ábyrgðarkenndar og er nú einu sinni næstæðsti yfirmaður Reykjavíkurlögrelunnar. Í huga margra er hann lögrelan sjálf eða að minnsta kosti ímynd hennar. Og það er ekki vond ímynd því Geir Jón er traustvekjandi, þykir mikill öðlingur sem tekur á málum af sanngirni en ákveðni eins og lögregla á að gera. Eins og gengur hafa þó ekki allir alltaf verið sáttir við framgöngu hans. Hann var til dæmis gagnrýndur fyrir svo að nýjar sérleiðir vagnanna Gong-málinu sumarið 2002 en hann sagði þá að hann væri að-

eins að gera skyldu sína og halda uppi lögum og reglu.

Geir Jón er ekki maður sem auðveldlega getur falið sig í mannfjölda. Hann er einn af hæstu mönnum landsins. Hann er ekki síður þekktur fyrir annað sérkenni. Hann er heittrúaður

hvítasunnumaður sem fer með bænirnar á hverju kvöldi, stundum oft á dag, sækir messur reglulega og syngur í kirkjukór. Trúin er sögð veita honum styrk í erfiðu starfi og mun Geir Jón ekki vera eini lögrelumaðurinn sem þangað sækir andlega næringu og stuðning í erli dagsins.

Geir er rúmlega fimmtugur. Hann gekk í lögregluskólann ungur maður og starfaði síðan í næstum tvo áratugi sem lögrelupjónn í Vestmannaeyjum, þar sem hann kynntist konu sinni, vitaskuld í söfnuði hvítasunnumannanna sem er öflugur þar í plássinu. Í Eyjum var hann í ýmsu félagsmálástússi og íþróttum meðfram safnaðarstarfinu. Hann starfaði meðal annars í Sjálfstæðisflokknum og var einn af liðsmönnum Þorsteins Pálssonar þegar hann var að hefja feril sinn í Suðurlandskjördæmi. Árið 1992 fékk Geir Jón starf aðalvarðstjóra hjá lögrelunni í Reykjavík þar sem stjarna hans reis hratt. Hann varð aðstoðaryfirlögrelupjónn og loks yfirlögrelupjónn.

Að óbreyttu skipulagi lögrelunnar er hann kominn á toppinn, því lögrelustjórinn verður að vera lögfræðingur að mennt. „Ég er heldur ekkert viss um að sú staða sé eftirsóknarverð. Ég gæti miklu fremur hugsað mér að ljúka ferli mínum sem venjulegur lögrelumaður úti á götu, vera í göngueftirliti eða einn á bíl og fara í hverfin og hitta fólk. Það er draumastarf,“ sagði Geir Jón í viðtali við Morgunblaðið fyrir tveimur árum. Draumastarf fyrir draumalöggu! ■

TEKNING: HELGI SIGURSSON – HUGVERKAIS

Nýja leiðakerfið: skipulagt klúður

UMRÆÐAN
STRÆTÓ

KRISTINN SNÆLAND

Nú alveg nýlega hefur nýtt leiðakerfi strætisvagna séð dagsins ljós. Þegar hafa komið fram vankantar á hinu nýja kerfi og þrátt fyrir marga og dýra sérfræðinga fór svo að nýjar sérleiðir vagnanna reyndust ólöglegar, m.ö.ö. ekki hafði verið gætt að því að nauðsynleg umsögn og samþykki lögreglu lægi fyrir varðandi sérleiðirnar. Merking á sérleiðunum er BUS, sem vandséð er að skyldi nokkurn Íslending að virða þá merkingu, nema enska sé orðin hið opinbera lagamál hér á landi. Um TAXI má vitanlega segja hið sama og því skal ekki gert mikið úr BUS-merkingunni. Hitt er mun verra að hvarvetna sem strætisvagnar, hópferðabílar eða leigubílar eiga erindi þá virðast stjórnmálamenn, arkitektar og verkfræðingar alveg eins og út úr kú varðandi skilning á því hvað telja eigi almenningsfarartæki. Leiðir sem merktar eru Strætó aka hik-

laust nær allir hópferðabílar – at-hugasemdalaust. Aki leigubíll slíkar sérleiðir ætla oft allt vitlaust að verða.

Tilgangur með sérleiðum er sá að almenningsbílar hafi forgang sem verði þá til þess að för þeirra verði fljótari. Jafnframt leiðir það væntanlega til þess að einkabílum í umferðinni fækki hlutfallslega. Sérleiðirnar eru því vissulega sjálfsagðar og mættu vera fleiri og viðtækari.

Skilgreining á því hvað er almenningsfarartæki þyrfti að vera alveg skýr. Strætisvagnar virðast samþykktir sem slíkir og hópferðabílar fylla sama flokk að mestu. Leigubílar eiga aftur á móti undir högg að sækja í þessu efni.

Skilgreining á því hvað er almenningsfarartæki þyrfti að vera alveg skýr. Strætisvagnar virðast samþykktir sem slíkir og hópferðabílar fylla sama flokk að mestu. Leigubílar eiga aftur á móti undir högg að sækja í þessu

efni. Það er hreinlega svo sem stjórnmálamenn, og skipulagsfræðingar geti alls ekki áttað sig á því að í umferðinni eru leigubílar vissulega almenningsfarartæki og auk þess dýrustu farartæki almennings. Væri þessi skoðun virt og viðurkennd þá ættu leigubílarinnir að hafa mestan forgang almenningsfarartækja í umferðinni. Leigubíl tekur fólk oftast þegar það er mest að flýta sér og getur ekki beðið eftir strætisvagni. Nú skal þess alls ekki krafist hér að leigubílar hafi meiri forgang í umferðinni en önnur almenningsfarartæki.

Með þessum skrifum er aðeins farið fram á jafnræði eða jafnrétti til forgangs. Um leið vil ég hvetja alla atvinnubírfreidastjóra til þess að hjálpast að með að láta umferðina renna sem liðugast og sýna hjálpssemi og tillitsemi hver sem á í hlut. Skipulagssérfræðingana hvet ég til þess að átta sig á því að margnefnd almenningsfarartæki þurfa hvert fyrir sig athafnasvæði þar sem margmenni kemur saman eða á leið um. Dæmi um skilningsleysi þeirra eru alltof mörg, hvarvetna í borginni við hótél, kvikmyndahús og önnur samkomuhús. Að lokum, viðurkennið að leigubíll er almenningsfarartæki. ■

Helgarblað

KRAFTAVERKABÖRNINGIN

Hetjur sem
neita að
gefast uppÞegar dópneysla
leiðir til morðs

HVERJÍ MANNABEJA SITTU Á HVERFSGÖTUNNI

Helgarblað

KRAFTAVERKABÖRNINGIN

Sinn barn þurfa að hefst við gjóðun alla sín
ár. Þessi líta kraftaverkabörn eru öðru leið-
ur og þetta að gefast upp. Helgarblað DV ræddi
við föndur mikinn barna sinn eiga það
samþykkt að meira hefur verið sagt á þess
en önnur barn. Foreldrar eru allir öf-
státtir af lítu barnum sínum enda ekki
annað hægt.Lífa í skugga
lífshættulegra
sjúkdóma

OPÍÐ HÚS HJÁ NTV Í DAG FRÁ 13-16

Hefur þú
séð
DV í dag

Eru bankarnir komnir út fyrir sitt svið?

UMRÆÐAN BANKARNIR

**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**

Það getur valdið margvíslegum hagsmunaárekstrum, ef stórir bankar hasla sér völl í óskyldum atvinnurekstri.

Samkvæmt núgildandi lögum um fjármálafyrirtæki (viðskiptabanka) er bönkunum ekki heimilt

að stunda starfsemi óskylda starfsemi fjármálafyrirtækja. Þeim er því til að mynda ekki heimilt að stunda skiparekstur, fisksölu eða fasteignaviðskipti.

Bankarnir eru því augljóslega komnir út fyrir sitt svið þegar þeir fjárfesta í slíkri starfsemi. Ráðherrar hafa gagnrýnt á „penan“ hátt ýmiss konar fjárfestingu bankanna í óskyldri starfsemi. En það hefur enginn þungi verið í þeirri gagnrýni. Og fjármálaeftirlitið hefur verið algerlega máttlaust. Það hefur nánast lokað augunum fyrir fjárfestingu bankanna í starfsemi óskyldri bankarekstri.

Hér þarf greinilega að taka til hendinni. Það gengur ekki, að bankarnir noti fjármuni sína í alls

konar brask til þess að hagnast sjálfir. Landsbankinn var dreginn inn í Eimskipafélagið, alls óskylda starfsemi, og látinn stunda umdeilanleg viðskipti með hluti í sjávarútvegsfyrirtækjum á Akureyri. Þar var um að ræða dæmi um viðskipti banka, sem ekki samræmast anda laganna um fjármálafyrirtæki. Landsbankinn græddi marga milljarða á þessum vafasömu viðskiptum. Sjávarútvegurinn varð að greiða þá fjárhæð. Fleiri dæmi mætti nefna um umdeilanleg viðskipti bankanna. Einn bankanna mun hafa farið út í fasteignaviðskipti. Slík viðskipti eru ekki á verksviði bankanna. Kaup bankanna á hlutum í SH, SÍF og Flugleiðum voru einnig mjög vafasöm

og samrýmast ekki lögum um starfsemi viðskiptabanka. Kaupin í Flugleiðum voru gegnum Straum.

Þröngar undanþáguheimildir eru í lögum um fjármálafyrirtæki. T.d. geta bankarnir fjárfest í óskyldri starfsemi tímabundið og í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum. En fjárfestingar þær á vegum bankanna, sem nefndar voru hér að framan, féllu ekki að mínu mati undir slíkar undanþáguheimildir.

Það getur valdið margvíslegum hagsmunaárekstrum, ef stórir bankar hasla sér völl í óskyldum atvinnurekstri. Bankarnir geta verið með margvíslegar trúnaðarupplýsingar um keppinauta þeirra fyrirtækja, sem bankarnir eignast. Enda þótt ganga verði út frá því, að

bankarnir virði trúnað við viðskiptavinum sína getur slík aðstaða valdið tortryggni og jafnvel trúnaðarbrest.

Upphaflegt markmið bankanna hér á landi var að varðveita og ávaxta sparifé landsmanna og lána íslenskum atvinnuvegum fé. Þetta gamla markmið virðist gleymt. Nú er markmiðið að braska með fjármuni hér innan lands og erlendis í því skyni að græða sem mest fyrir eigendur bankanna. Það hefði verið skynsamlegra að halda einum viðskiptabanka áfram í höndum ríkisins. Sá banki hefði þá getað þjónað landsmönnum fyrst og fremst, sparifjäreigendum og atvinnuvegum og sinnt landsbyggðinni vel. ■



BRÉF TIL BLAÐSINS



Hugmynd fyrir Icelandair

Kolbrún Anna Örlýgsdóttir, Hvanneyri, skrifar:

Fyrir nokkrum misserum skrifaði ég grein hér í Fréttablaðið um ótrúlega mikinn verðmun á kostnaði við flug frá Íslandi til Bandaríkjanna og frá Danmörku til Bandaríkjanna, með viðkomu á Íslandi, með sama flugi til Bandaríkjanna. Þriðjudaginn 24. ágúst settist ég við tölvuna og athugaði með kostnað við flug frá Keflavík til Washington (BWI). Brottför 27. september og heimkoma 10. október. Leitarvélin skilaði mér niðurstöðu hratt, kr. 49.240 með sköttum. Til gamans athugaði ég með sama flugi, en að viðbættu flugi til og frá Danmörku og viti menn, Icelandair er enn að mismuna okkur Íslendingum og fólki frá öðrum löndum! Með því að fljúga fyrst frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur og þaðan áfram til Bandaríkjanna, með sömu flugvél og ég kannaði flug með í upphafi, og svo til baka aftur gat ég sparað tæplega 13 þúsund krónur! Flugðið frá Kaupmannahöfn til Bandaríkjanna átti nefnilega að kosta 36.343 með sköttum (miðað við gengi hjá KB banka 24. ágúst)!

Ég nenni hreinlega ekki að spyrja af hverju þetta er svona, gerði það síðast og fékk engin svör. Nú spyr ég því hvort ég geti keypt miða frá Kaupmannahöfn til Bandaríkjanna og til baka og einfaldlega gefið ykkur fyrsta og síðasta legg flugleiðarinnar? Þið hjá Icelandair getið þá selt miðann aftur (að visu bara frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur og til baka því ég ætla að nýta miðhluta miðans) og ættuð að græða á því að minnsta kosti þessar 13 þúsund sem ég spara á þessu því vafalítið vilja margir kaupa miða aðra leiðina á milli Íslands og Danmerkur á 6.500. Ef hagnaður verður meiri en þessar 13 þúsund krónur, legg ég til að þið gefið helming þess hagnaðar til Barnaspítala Hringins og þá græða einfaldlega allir! Ég hef þá þegar sparað mér 13 þúsund, þið hafið þá selt flugmiðann á hærra verði en upphaflega stóð til (að minnsta kosti miðað við verðið sem Danir eiga að borga) og Barnaspítallinn fær smá tekjur líka, ekki veitir af. Hvað segið þið Icelandair-fólk, náum við Íslendingar samkomulagi um þetta við ykkur eða er hugmyndin að láta okkur Íslendingana greiða áfram niður fargjöldin fyrir einhverja útlendinga? Hlakka til að heyra frá ykkur.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðana-síðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

www.tolvulistinn.is



OPIÐ Í DAG
Frá 11 til 16

VL12
Samtals kr. 129.290
10.408

HP NX6125 SXGA MEÐ AMD TURION 64 1.8GHz

AMD TURION 64
AMD Turion 64 er ný kynslóð mobile örgjörva með HyperTransport tækni



SXGA SKJÁR
Háupplausnar skjár með 1400x1050 dpi upplausn fyrir ótrúlega skerpu og gæði



DVD± SKRIFARI
Vandaður DVD +/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



128MB RADEON
ATI Radeon X300 skjákort byggt á PCI Express tækni fyrir enn meiri hraða og gæði



T E N G I N G A R
HP nx6125 tölvun kemur með, 3xUSB, VGA, FireWire og stæði fyrir 1 PCMCIA tengi o.fl.



ÞYNGD OG RAFLIÐA
HP nx6125 fartölvun er 2.95Kg og með rafhlöðu sem endist í allri að 3.5 tíma



124.900

Örgjörvi

Minni

1.8Ghz AMD Turion 64 ML-34
1MB flytíminni, 1600MHz FSB+HT
512MB 333MHz DDR

Harðdiskur

Einfalt að stækka minnið
80 GB 5400RPM diskur
5400RPM hraður og hljóðlátur

Skrifari

DVD±RW skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW

Skjár

15" TFT SXGA skjár
Háupplausnar skjár m/ 1400x1050

Skjákort

128MB ATI Radeon X300
Sjálft. minni, PCI-Express 16x, TV-út

Hátalarar

Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort og stereo hátalarar

Þráðlaust

54Mbps þráðlaust netkort
Einnig innbyggt BlueTooth kort

Netkort

Gigabit 10/100/1000
Einnig innbyggt 56k mótald

Stýrikerfi

Windows XP PRO - SP2
Á íslensku eða ensku, þitt er valið

Tengi

3xUSB2, Firewire, TV-út
VGA, PCMCIA, ofl.

BIRT MEÐ FRIÐRÁKA UM BRETTINGAR OG PRENTILLUR



Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldbærf. 3.5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.550,4 +0,29% Fjöldi viðskipta: 246
Velta: 3.944 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Landsbankinn 2,8%
Og fjarskipti 2,6%
Bakkavör 1,4%

MESTA LÆKKUN

↓ SÍF -2,1%
Atorka -1,4%
Mosaic Fashions -0,8%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,70 -0,2% ... Bakka-vör 42,00 +1,4%... Burðarás 17,50 +1,2% ... FL Group 15,50 +0,00% ... Flaga 4,05 -0,7% ... HB Grandi 8,55 +0,00% ... Íslands-banki 15,10 +0,00% ... Jarðboranir 20,80 +0,00% ... KB banki 580,00 -0,3% ... Kögun 57,5 +0,00% ... Landsbankinn 21,70 +2,8% ... Marel 62,8 -0,3% ... SÍF 4,70 -2,1% ... Straumur 13,25 -0,4% ... Össur 88,5 +0,6%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Milljóna útsending

Bræðurnir í Bakkavör kynntu uppgjör félagsins í gærmorgun fyrir áhugasömum fjárfestum og greinendum bankanna. Þetta er fyrsta ársfjórðungsuppgjörið þar sem rekstur Geest kemur við sögu og því margir spenntir að sjá hina nýju Bakkavör í raunsterð, ef svo má að orði komast. Uppgjör Bakkavarar var í stórum dráttum í samræmi við væntingar og búast forráðamenn félagsins við að niðurgreiðsla skulda verði komin á það stig í lok næsta árs að félagið sé þá skuldbætt í samræmi við framtíðarskipan fjármagns í félaginu. Allt er því á áætlun hjá þeim bræðrum. Ágúst ávarpaði gesti í upphafi fundar og sagði fundinn nú fara fram á ensku í fyrsta sinn. Honum væri varpað yfir netið. „Það eru því milljónir manna sem fylgjast með fundinum,“ sagði Ágúst og glotti við kátinu fundarmanna.

Viðvörðun hjá Greenspan



Á fáa menn í heiminum er betur hlustað en öldunginn Alan Greenspan. Hann hóf upp raust sína og varaði við því að með hækkingu eignaverðis væri hætt á að fjárfestar gættu ekki nauðsynlegrar varúðar. Slíkt gæti endað illa á fjármálamörkuðum. Menn ættu ekki að taka þeim stöðugleika sem Bandaríkjamenn hafa búið við sem gefnum. Greenspan telur hins vegar að bandarískt efnahagslíf hafi góðar forsendur til að mæta skyndilegum mótbyr, en sagði verndarstefnu og halla á fjárlögum helstu ógn efnahagslífsins. Þótt hér sé afgangur af fjárlögum er eflaust margt sem Íslendingar geta tekið til sín í orðum hins vísaöldungs.

MARKAÐSFRÉTTIR...

P/F Atlantic Petroleum tapaði 1,3 milljónum danskra króna á öðrum ársfjórðungi, eða 13 milljónum íslenskra króna.

Hagnaður **Landsvirkjunar** á fyrstu sex mánuðum ársins nemur 2.008 milljónum króna samanborið við 645 milljóna króna tap á sama tíma í fyrra.

Hlutabréf **Pixar Animation Studios Inc.** lækkuðu um tvö prósent eftir að bandaríska fjármálaeftirlitið óskaði eftir nánari upplýsingum um uppgjör annars ársfjórðungs.

Merck hefur tilkynnt að það hyggist ljúka einhverjum kærum vegna aukaverkana lyfsins **Viox** með sáttum en þúsundir kæra liggja fyrir í félagið.

Atorka skilar tapi

Fjárfestingarfélagið Atorka Group tapaði um 241 milljón króna á öðrum ársfjórðungi en hagnaðist hins vegar um 659 milljónir á þeim fyrsta.

Tapið skýrist af lækku á stórum eignarhlutum í bresku iðnaðarfyrtækjunum Low and Bonar og NWF Group en sú lækku hefur gengið til baka á þriðja ársfjórðungi. Meðal annarra eigna Atorku eru Austurbakki, LÍF og Promens, sem keypti nýverið Bonar Plastics.

Arðsemi eigin fjár var rúm tíu prósent á ársgrundvelli, sem er undir markmiðum stjórnar félagsins. Heildareignir voru hinn 30. júní um sautján milljarðar króna og eigið fé um 8,5 milljarðar.



STYRMIR ÞÓR BRAGASON, FORSTJÓRI ATORKU Félagið tapaði á öðrum ársfjórðungi um 240 milljónum króna. Hagnaður varð af starfsemi á fyrri hluta árs.

Hagnaður Samherja dregst lítillega saman

Samherji hagnaðist um 1.065 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 1.098 milljónir króna árið áður. Rekstrartekjur samstæðunnar voru 11,6 milljarðar króna á tímabilinu og hafa aukist um helming milli ára en þær voru 7,2 milljarðar árið áður. Veltufé frá rekstri nam 1.038 milljónum króna samanborið við 747 milljónir árið áður. Eiginfjárhlutfall Samherja í lok júní var 41 prósent.



UM BORD Í LODNUSKIPI SAMHERJA Rekstrartekjur aukast mikið milli ára.

Gagnvirkt sjónvarp handan við hornið

Síminn hagnaðist um tæpa 2,2 milljarða á fyrri helmingi ársins. Það er betri afkoma en greiningardeildir bankanna spáðu.

Hagnaður Símans fyrstu sex mánuði ársins var tæpir 2,2 milljarðar króna. Á sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn rúmum 1,2 milljörðum. Tekjur félagsins hafa aukist meira en útgjöld á þessum tíma. Mest var tekjuaukningin á far-símasviði, um 450 milljónir króna. Í uppgjörinu munar þó mest um hagnað af sölu hlutabréfa í Straumi fjárfestingarbanka, sem var 702 milljónir króna. Einnig voru seld hlutabréf í gervihnattafélagi sem skilaði 106 milljónum í hagnað. Arðsemi eigin fjár hækkaði úr 16 prósentum í tæpt 31 prósent.

Í tilkynningu Símans til Kauphallar Íslands í gær segir að fjarskiptamarkaðurinn sé í örum vexti og framtíðarhorfur fyrirtækisins góðar. Síminn hafi ráðist í stóra uppfærslu á ADSL-kerfinu til að geta sinnt sjónvarpsþjónustu Símans. „Að uppfærslunni lokinni verður hraðinn meiri, sjónvarpsstöðvum í sjónvarpsþjónustu mun fjölga auk

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LANDSSÍMI ÍSLANDS Þetta er í síðasta sinn sem Síminn skilar uppgjöri á meðan hann er í ríkiseigu.

þess sem gagnvirkt sjónvarp er handan við hornið,“ segir í tilkynningunni.

Í uppgjörinu kemur fram að Síminn á tæp 90 prósent hlutfjár í íslenska sjónvarpsfélaginu, sem rekur Skjá einn. Á tímabilinu breytti Síminn 750 milljón króna skuld sjónvarpsfélagsins í hlutafé. Ekki er gefið upp á hvaða gengi Síminn keypti hluta-

bréfin í Skjá einum.

Bæði greiningardeild Landsbankans og KB banka segja rekstrarárangur Símans á öðrum ársfjórðungi betri en spáð var. Starfsfólk beggja bankanna gerði ráð fyrir því að Síminn myndi hagnast um 780 milljónir króna. Niðurstaðan var hins vegar 928 milljóna króna hagnaður.

bjorgvin@frettabladid.is

Chevrolet gæði, frábært verð!

Fjölskyldubíllinn Chevrolet Lacetti er einstaklega vel búinn bíll á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a.: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framlúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislasplara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útspeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri, hljómtækjastillir í stýrishjóli, aflstýri sem þyngist með auknum hraða, þriggja punkta bílbelti í öllum sætum og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins
kr. 1.699.000
beinskiptur

kr. 1.899.000 sjálfskiptur

Nýtið ykkur hagstætt gengi !

Verð aðeins kr. 1.699.000



hausverk / SIA

Aukahlutir á mynd: álfelgur.

Kalos SE
kr. 1.199.000,-Lacetti 1.6
kr. 1.499.000,-Lacetti 1.8
kr. 1.599.000,-Lacetti 1.8i
kr. 1.699.000,-Evanda
kr. 2.399.000,-

Bílabúð
Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílasalan Ós • Njarðarnes 1 • 603 Akureyri • Sími 462 1430



CHEVROLET

SÖNGVABORGARDAGUR Í SMÁRALIND!

Í DAG FRÁ KL. 13:00-16:00

SÖNGVABORG er vinsælasta barnaefnið á Íslandi.
Í dag munum við fá afhenta **4 GULL DVD** diska og
munum því slá upp veislu. Láttu sjá þig í Smáralind og
upplifðu alvöru karnival stemmningu!



FRAM KOMA:

MARÍA OG SIGGA
MASI OG GEORG

★ Krakkarnir úr
SÖNGSKÓLA ★
MARÍU BJARKAR

SOLLA STIRÐA OG HALLA
FRÁ LATABÆ

BJARNI TÖFRAMAÐUR
ÁVAXTAKARFAN

Leikarar úr
Söngleiknum ANNIE



ÓKEYPIS BLÖÐRUR,
SVALI OG COCA COLA LIGHT
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

LUKKU
HJÓL

ALLIR SEM SNÚA
FÁ VINNING!



TILBOÐ!
SÖNGVABORGAR DVD
+KÍLÓ AF SS PYLSUM
Á AÐEINS **1898** kr!
(Aðeins þennan eina dag!)

Svali
ÁVINTTADRYKKUR

Coca-Cola
light

ÍSLANDSBANKI

Söngskóli
★
MARÍU BJARKAR
www.poppskolinn.is



Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Aðeins tuttugu bílar

2 lítra 136 hestöfl

2.290.000 kr.



Outlander



Lúxusútgáfa af Pajero

aðeins tíu bílar

4.990.000 kr.



Pajero Dakar

Opioð í HEKLU frá kl. 12 til 17 í dag

Nýr Outlander Turbo

200 hestafla villidýr með
leðurinnréttingu, sóllúgu og 17" álfelgum
Þú verður að prófa þennan!

2.990.000 kr.

Sýning

á aldrifsbílum frá Mitsubishi í dag

Öflugur jeppi – V6 sjálfskiptur
verð sem kemur á óvart!

3.450.000 kr.



Pajero Sport

MITSUBISHI

DRIVE ALIVE



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnes, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirdi, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirdi, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

tímamót

timamot@frettabladid.is



Elskulegur sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sævar Tryggvason

Ásgarði 24a, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 26. ágúst. Innilegar þakkir fær starfsfólk Krabbameinsdeildar 11E fyrir góða umönnun og hlýhug. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Þórhildur Stefánsdóttir
Hildur Lind Sævarsdóttir
Anna Lilja Sævarsdóttir Unnsteinn Einar Jónsson,
Tryggvi Unnsteinsson
Rúnar Unnsteinsson
Sindri Unnsteinsson.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Maren Nielsdóttir Kiernan

lést á Dvalarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík, föstudaginn 26. ágúst. Útförin auglýst síðar.

Edward, Erla, Elsa, Stella, Jóhann og Victor Pétur tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við fráfall og útför eiginmanns míns, föður, fösturföður, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Sæmundssonar

bryta, Ljósheimum 8a.

Margrét Kr. Sigurpálsdóttir
Jón Veigar
Jóhanna María
Linda Valgerður
Ingibjörg Ls. Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Ragnhildur Þórðar
Smári Karlsson
Guðmundur Helgason



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra sonar og bróður,

Hjartar Sveinssonar

Grænátúni 6, Kópavogi.

Guð blessi ykkur öll.

Margrét Samúelsdóttir
Sveinn Sveinbjörnsson
Sveinn Sveinbjörnsson
Grétar Már Sveinsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Olsen

Dvalarheimilinu Grund,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 24. ágúst. Útför hennar fer fram 30. ágúst frá kirkju óháða safnaðarins við Háteigsveg og hefst athöfnin kl. 13.00.

Hildur Jóhannsdóttir
Jón B. Skúlason
Dóra Skúladóttir
Daníel H. Skúlason
makar, barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Skúladóttir
Unnur Skúladóttir
Elínborg Skúladóttir

ÞETTA GERÐIST > 27. ÁGÚST 1979

Frændi drottningar drepinn

Frændi drottningar Englands, Louis Mountbatten lávarður, lést þennan dag árið 1979 þegar sprengja sprakk í báti hans. Ásamt honum létust fjórtán ára barnabarn hans, eldri kona og fimmtán ára skipsdrengrur. IRA, írski lýðveldisherinn, lýsti óðæðinu á hendur sér en aðeins nokkrum klukkutímum síðar létust átján breskir hermenn í sprengingu við Warranpoint, nálægt landamærum írsku lýðveldisins.

Mountbatten lávarður var 79 ára. Hann dvaldi ásamt fjölskyldu sinni í kastala þeirra í Sligo norðvestur af Írlandi. Bátur hans



LOUIS MOUNTBATTEN LÁVARÐUR

Thomas McMahon var síðar dæmdur fyrir morðið á Mountbatten. Lögreglan hafði haft af honum afskipti aðeins timum fyrir sprenginguna vegna gruns um bílstuld.

hafði nýlagt úr höfn í fiskiþorpinu Mullaghmore þegar sprengjan sprakk. Vitni sagði að bátuinn hefði sprungið í tætlur og farþegarnir sjö kastast í sjóinn. Nokkrir sjómenn þustu að til þess að hjálpa Mountbatten en fætur hans voru nær klipptir af og hann lést skömmu síðar. Atburðurinn vakti spurningar um öryggi Mountbatten-fjölskyldunnar en lávarðurinn hafði aldrei haft lífvörð.

MERKISATBURÐIR

- 1883** Griðarlegt eldgos hefst á öbyggðu eyjunni Krakatau vestur af Súmöturu í Indónesíu. 36 þúsund manns lást í kjölfar flóðbylgju sem myndast við eldgosid.
- 1912** Bókin um Tarsan konung apanna eftir Edgar Rice Burroughs kemur út í fyrsta sinn.
- 1946** Fyrsti bíllinn kemst yfir Siglufjarðarskarð. Vinna við veginn hafði staðið í ellefu ár.
- 1952** Menntamálaráðherra leggur bann við því að auglýsa dansleiki í Ríkisútvarpinu.
- 1967** Brian Epstein, umboðsmaður Bítlanna finnst látinn á heimili sínu í London. Hann lést vegna ofneyslu svefnlyfja.
- 1970** Flugsveitin Rauðu örvarnar sýnir listir sínar í Reykjavík.

ÚTIVIST HELDUR UPP Á ÞRJÁTÍU ÁRA AFMÆLI SITT AÐ BÁSUM Í DAG

Saknar þess að ferðast

Nanna Kaaber heilsar með hlýlegu en þétu handabandi. Hún er 87 ára gömul en alveg ótrúlega ern, snör í snúningum og snögg í tilsvörum. Hún er einn af stofnfélögum ferðafélagsins Útivistar, sem heldur upp á þrjátíu ára afmæli sitt í Básun í Þórsmörk í dag. „Þeir ætla að dubba mig upp í mitt gamla starf,“ segir Nanna og skellihlær, en hún starfaði sem fararstjóri allt þar til fyrir tveimur árum.

„Útivist var nýtt félag, það þótti afskaplega spennandi. Við fórum ákaflega vel af stað og það safnaðist að okkur mikið af ungu fólki og við höfum haldið því,“ segir Nanna þegar hún rifjar upp fyrsta starfsár félagsins, en Útivist varð til þegar Ferðafélag Íslands klofnaði vegna miskliðar. „Þeir voru voða reiðir við okkur í upphafi yfir að fá svona samkeppni,“ minnst hún en segir allt í góðu milli félaganna í dag.

Það var þó ekki dans á rósum að hrinda starfseminni úr vör. „Við stóðum þarna eins og álfar þessar 55 manneskjur með nýtt félag í höndunum en ekki krónu. Okkur tókst að útvega húsnæði á efstu



VATNSBERI Nanna man vel eftir því þegar hún var sett í að bera vatn í fótum til að blanda í steypu við byggingu fyrsta skálans í Básun.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NANNA KAABER Ein af stofnfélögum Útivistar.

hæð í Lækjargötu 6 og það voru svo slitnir stigarnir að það lá við að maður dytti í gegnum þrepinn,“ segir Nanna og hlær að minningunni. Hún bætir við að lengi vel hafi gestir varla haft stól að sitja á.

Ekki var liðin nema vika frá stofnfundi í mars 1975 þegar fyrsta ferðin var farin. „Ferðafélagið hafði sinn samastað austan megin á Umferðarmiðstöðinni svo við auglýstum stíft að Útivist væri vestan megin. Svo stóðum við þarna fimm, sex hræður og biðum í ofvæni eftir því hvort einhver kæmi,“ segir Nanna og sýpur á kaffinu sínu. Áhyggjurnar voru ástæðulausar því sjöttíu manns mættu á staðinn. „Ég mun aldrei gleyma þessari stund,“ segir Nanna með blik í augum.

Nanna á fjölmargar góðar minningar frá starfi sínu með Útivist. Því til staðfestingar á hún fimmtán stór myndaalbúm með myndum af ferðalögum sínum í þrjátíu ár. „Það veit sá sem allt veit að ég sakna þess alveg óskaplega að ferðast með Úti-

vist,“ segir Nanna með trega í röddu. Í góðu veðri horfir hún út um gluggann á útsýnið yfir Snæfellsjökul og óskar sér upp í fjöll. Hún er þó langt í frá sorgmædd og hefur nóg að gera alla daga. Til að mynda vaknar hún hvern einasta morgun og skellir sér í sund.

Uppáhaldsstaður Nönnu er Básar í Þórsmörk. „Maður var svo mikið með í þessari uppbyggingu og það kostaði mikið erfiði að koma þessu öllu í kring,“ segir Nanna og greinir frá því þegar fyrsti skálinn í Básun var byggður úr gömlum spýtum úr tveimur húsum sem Útivist fékk gefins. „Það var ægilega gaman,“ segir Nanna og gengur að skáp og dregur úr honum lítinn hamar. „Við vorum beðin um að koma með verkfæri og ég kom með þennan. Hann þótti ekki burðugur í svona stórsmíðar en sjáðu bara,“ segir hún og sýnir mikið eyddan flöt hamarsins. „Ég ætla að hafa hann með inn eftir núna og gefa félaginu hamarinn með rauðri slaufu,“ segir Nanna og skellihlær. ■

ANDLÁT

Guðný Jóhannesdóttir, Einhamri, áður Jörundarholti 26, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 22. ágúst.

Héðinn Jónsson skipstjóri, Mýrum 14, Patreksfirði, andaðist mánudaginn 22. ágúst.

Nína Kristbjörg Guðmundsdóttir, Kjalar síðu 14b, Akureyri, lést á Fjórðungs-sjúkrahúsini á Akureyri mánudaginn 22. ágúst.

Bryndís Ingvarsdóttir, Sólvangi, Hafnarfirði, áður Móabará 22b, Hafnarfirði, lést fimmtudaginn 25. ágúst.

JARÐARFARIR

11.00 **Daníel Teitsson**, Hátúni 12, Reykjavík, verður jarðsungiinn frá Hvanneyrarkirkju.

13.30 **Guðrún Jóna Dagbjartsdóttir**, Brekku, Núpasveit, verður jarðsungiinn frá Snartarstaðakirkju.

14.00 **Áslaug Sigurðardóttir**, Hávík, Skagafirði, verður jarðsungiinn frá Sauðárkróskirkju.

14.00 **Ólafur Eiríksson**, Grjóti, Þverárhlíð, verður jarðsungiinn frá Borgarnesarkirkju.



Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Bryndís Ingvarsdóttir

Sólvangi, Hafnarfirði, áður Móabará 22b, Hafnarfirði,

lést að morgni dags 25. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Valgerður Guðmundsdóttir
Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Ingvar Guðmundsson
og barnabörn

Hjálmar Árnason
Vilborg Sverrisdóttir
Rut Brynjarsdóttir.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



BORÐSTOFUSETT

PRINCESS-BORÐ OG
6 BARON-LEÐURSTÓLAR
57.000 KR.
ÁÐUR 114.000 KR.



TRADITIONAL BORÐSTOFUSETT

BORÐ 90 X 160 OG 4 STÓLAR
49.600 KR.
ÁÐUR 99.200 KR.



PISA

MEÐ MICROFIBER-ÁKLÆÐI

4RA SÆTA	83.400 KR.	ÁÐUR 139.000 KR.
3JA SÆTA	71.400 KR.	ÁÐUR 119.000 KR.
STÓLL	41.400 KR.	ÁÐUR 69.000 KR.
SKEMILL	11.400 KR.	ÁÐUR 19.000 KR.



TRADITIONAL-LINAN

SKENKUR 34.500 KR. ÁÐUR 69.000 KR.
SÓFABORÐ 17.000 KR. ÁÐUR 34.000 KR.
HORNBORÐ 12.500 KR. ÁÐUR 25.000 KR.
HLIÐARBORÐ 17.500 KR. ÁÐUR 35.000 KR.
BÓKAHILLA 39.000 KR. ÁÐUR 78.000 KR.
SJÓNVARPS- 24.750 KR. ÁÐUR 49.500 KR.
KOMMÓÐA



COSMO

LEÐURSTÓLL
18.000 KR.
ÁÐUR 45.000 KR.

ÚTSÖLULOK!!!

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

OPIÐ TIL KL. 18 UM HELGINA

TEKK

COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | Sími 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS



Ég græt inni í mér

Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur er slegin eftir að hafa verið á ferli um miðborgina eftir miðnætti á Menningarnótt. Í samtali við *Jóhönnu S. Sigþórsdóttur* ræðir hún um ástandið, kallar foreldra til ábyrgðar og stingur upp á að menningarhátíðin verði stýtt til reynslu.

Við sem vorum að störfum eftir miðnætti á Menningarnótt vorum öll miður okkar. Lögregla, fulltrúar Íþrótt- og tómstundaráðs, hverfamiðstöðvar og sjálfboðaliðar,“ segir Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur. Hún kveður fast að orði þegar hún ræðir um ástandið í miðborginni þessa nótt og hefur þungar áhyggjur af þróuninni, sem verði ekki stöðvuð nema með sam-eiginlegu átaki.

„Menningarnótt er frábær viðburður sem kemur upphaflega til vegna umhyggju fyrir miðborginni,“ segir Jóna Hrönn þegar hún rifjar upp tilurð Menningarnætur. „Við eigum hana saman og margir vilja veg hennar sem mestan. Menningarnótt var sett á fót til þess að laða fólk til miðborgarinnar og sýna hvað hún hefur upp á að bjóða. Þessi menningarhátíð hefur þróast hægt undir góðri verkefnastjórn og skapað samfélagslega

stemningu. Þetta er nokkurs konar grasrót- og þróunarstarf.“

Jóna Hrönn segir marga haldna fordómum gagnvart miðborginni. Hún telur Menningarnótt stærsta og merkilegasta viðburðinn til að bæta þar úr. Að auki sé hún góð tekjulind fyrir verslun og þjónustu. Hún leggur áherslu á að Menningarnótt sé alls ekki ætlað að vera nætursamkoma. En svo hafi það gerst fyrir fimm árum að aðrir gestir hafi komið í miðborgina eftir að Menningarnótt lauk.

Fyllerísnottt sumarsins

Jóna Hrönn hefur undanfarin fimm ár stýrt vakt sjálfboðaliða sem farið hafa um miðborgina eftir miðnætti og hlúð að ungmennum í vanda. Nú síðast voru þeir þrettán.

„Allan þennan tíma höfum við verið á röltinu og fylgst með þessum gestum sem koma eftir miðnætti. Þar hefur orðið mjög neikvæð breyting,“ segir hún. „Þetta er orðin aðalfyllerísnottt sumarsins. Við sjáum mikla neyslu fólks á öllum aldri og hættulegt ástand.“

Margir muna slæmt ástand sem var í miðborg Reykjavíkur á árunum kringum 1997-98. Unglingar á grunnskólaaldri hópuðust þá í miðborgina að kvöld- og næturlagi, margir undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Með samhentum átaki tókst að snúa þeirri þróun við.

„En nú sjáum við þetta aftur þessa nótt. Sem þýðir bara eitt, að við verðum að taka höndum saman. Ekkert getur breytt þessu nema við fullorðna fólkið með gagnkvæmri virðingu og samstarfi til heilla fyrir börnin okkar. Það er ekki hægt að kenna neinni menningarhátíð um að unglíngarnir okkar séu í neyslu, allt sé brjáláð í bænum og fólk í lífshættu.“

Það eru ekki Reykjavíkurborg og lögreglan sem ala upp börnin okkar. Við gerum það sjálf. Við erum fyrirmyndir þessara barna og unglínga sem síðan safnast í bæinn á Menningarnótt. Af hverju verður alltaf ákveðið uppbot eftir hverja Menningarnótt? Af því að við erum að horfast í augu við glundroða sem skapast af neyslu og erfiðleikum. Þetta er svo sárt að við reynum að finna blóraböggla, reynum að gera einhverja ábyrga. Við köllum fram ásökun og sektarkennð á víxl, sem eru tilfinningar sem fylgja svona uppákomu.“

Eins og vel þjálfuð vopn

Jóna Hrönn nefnir dæmi frá nýliðinni Menningarnótt sem skýrir vel það sem hún er að tala um.

„Ég sá hóp af ungum karlmönnum þessa nótt sem voru auðsjáanlega á örvandi efnum. Þegar ég horfði á þá hlaupa um götur borgarinnar upplifði ég þá sem vel þjálfuð vopn. Þeir hrifu með sér yngri fólk, sem fór sífjölgaandi. Orkan frá þeim einkenndist af spennu, hraða og ofbeldi. Þeir sem hefðu gengið í veg fyrir þá hefðu verið í lífshættu. Ég var miður mín því þeir voru stjórnlausir. Þeir voru keyrðir áfram af fíkniefnum og reiði.“

Margir voru beittir líkamlegu ofbeldi þessa nótt. Tvö ungmenni sem ég þekki til urðu fyrir árás þriggja fullorðinna einstaklinga. Sem betur fer var þeim komið til hjálpar.

Það sem maður upplifir í gegnum fíkniefnin eru þessar tilefnislausu árásir. Þú þarft ekki annað en að koma snögg fyrir horn eða horfa í augun á einhverjum til að lenda í hættu. Það er eins og sálin sé tekin í burtu úr þeim sem eru á örvandi efnum. Andlitíð, líkamsburðirnar og ofsóknaræðið; allt ber þetta merki um að þetta fólk sé ekki lengur siðferðisverur heldur algerlega stjórnláusir einstaklingar. Það er eins og þessi efni geri það að verkum að neytandinn skynji ekki dýrmæti samferðamanna sinna. Í stað þess að sjá að hver manneskja er óendanlega dýrmæt er hún bara drasl. Sem er í hróplegri mótsögn við það siðferði sem við byggjum á, að lífið er heilagt. Ég græt inni í mér þegar ég sé hvernig þessi efni ræna sálum einstaklinganna og gerir þá að ógn í samfélaginu. Að sjá svo unglínga á öllum aldri þarna innan um, marga hverja edru og svo algerlega ónæma fyrir því að þeir væru í dauðans hættu. Samkoma þessa fjölda gesta um nóttina skapar líka ótrúlegan vettvang fyrir þá sem selja fíkniefni eða vilja höggva mann og annan.“

Hugsanlegar breytingar

„Eigum við að setta okkur við það að þeir sem taka við nóttinni eftir miðnætti og vita ekkert af menningarhátíðinni leggi niður það grasrót- og þróunarstarf sem hefur átt sér stað á undanförunum árum, og haldi þessari hátíð borgarbúa í herkví, eins og gerst hefur?“ heldur Jóna Hrönn áfram og er mikið niðri fyrir.

„Það er líka staðreynd að þessa nótt nota menn til að gera upp ýmiss konar mál eftir verslunarmannahelgina. Svo er sumarhýran eftir og hægt að kaupa verulegt magn af áfengi. Skólinn byrjaði á

JÓNA HRÖNN BOLLADÓTTIR

„Unglingadrykkja í miðborginni hefur verið á hröðu undanhaldi. Það ber að þakka markvissu samstarfi foreldra, ýmissa sam-taka, hreyfinga, lögreglu og Reykjavíkurborgar,“ segir miðborgarpresturinn. „Einnig mjög virki forvarnafræðslu fyrir foreldra um ábyrgð þeirra og hlutverk. En á Menningarnótt er eins og öllu sem hefur áunnist sé kastað í ræsið.“

mánudeginum eftir Menningarnóttina og menn töldu margir hverjir að það væri alveg nauðsynlegt að rasa út áður en hann færi að herja á þá.“

Hún segir ekki mega gleyma hinu, að hún hafi hitt fjöldann allan af ungu fólki þessa nótt sem hafi verið sjálfu sér og öðrum til gleði. „En þau voru bara einfaldlega í hættu og mörg hver höfðu hvorki reynslu né þroska til að meta hana. Kannski verðum við að leggja Menningarnótt niður í eitt skipti til að sjá hvernig þessi nótt þróast eða jafnvel að hafa ekki tónleika og dagskrá eftir klukkan átta.“

Alvarleg skilaboð

Jóna Hrönn segir að á bak við fíkniefnaneyslu sé oft löng saga öryggisleysis og óhamingju. Það þurfi vitundarvakningu. Breyttar áherslur. Samstíllt átak okkar allra.

„Við erum alltaf að tala um peninga og viðskipti og upphefja þá sem við teljum auðuga að veraldlegum eigum, örugglega oftast í óþökk þeirra sjálfra. Við upphefjum aldrei hina sem eru að vinna svo ótrúleg verk til að bæta mannfélagið, mæta öðrum með kærleika og umhyggju og leggja á sig þrotlausa vinnu. Ég nefni sem dæmi fólk sem vinnur aðhlýnningarstörf. Ég hef kynnst fólki sem vinnur á heilabilunardeildum. Þetta er fólkið sem ég ber mikla virðingu fyrir. Fólkið sem vinnur með hjartanu. Fólk sem þarf að beita þolinmæði, kærleika og ótrúlegri samskiptafærni samfelldt allan vinnudaginn.“

Ríka fólkið og glamúrstjórnumar eru fyrirmyndirnar sem við setjum upp fyrir unglíngana okkar. Þarna er verið að skapa fyrirmyndir sem eru svo langt frá raunveruleika flestra. Það er eftirsóknarverðast að verða stjarna eða velta sér upp úr peningum. Oft þegar ég spyr ungt fólk hvað það vilji gera í framtíðinni heyrst oftast en ekki „ég ætla að fá mér vinnu þar sem ég ræð mínum vinnutíma og hef góð laun án mikillar fyrirhafnar.“ Erum við að vekja athygli á fólki sem er að vinna stórvirki á sviðum vísinda eða hjálparstarfa? Allt of sjaldan.“

Þjóð undir eftirliti

Í fjölmiðlum er sífellt verið að tala við sama fólkið með yfirskriftinni; „Ástin, frægðin og kjaftasögurnar“ og svo erum við alltaf að auka eftirlit með fólki, í stað þess að leggja áherslu á siðfræðikennslu og eiga samfélag við börnin okkar. Skila-boðin eru þau að við þurfum ekki að takast á við að vera siðferðisverur. Við erum hvort eð er bara undir eftirliti. Ég stel ekki af því að það gæti verið myndavél í herberginu, en ekki af því að það er rangt að stela frá öðrum og eftirsóknarvert að reynast öðrum vel.

Svo er til fólk sem berst gegn því að kenna kristin fræði í skólum. Ég hugsa stundum til þess fólks þegar ég hef orðið vitni að ofbeldisverkum í miðborginni. Þá eru boðorðin tíu ekki það fyrsta sem mig langar að taka út úr kennslu í grunnskólum.“

Jóna Hrönn nefnir einnig hve alvarlegt það sé hvernig íslenskir stjórnmálamenn tali hver um annan og hver við annan opinberlega. Menn geti verið að hreyta ókvæðisörðum og sýna hver öðrum dónaskap á þingi og í fjölmiðlum.

Málflutningur í hinu svonefnda Kaffibaunamáli fór fram í Hæstarétti í maí og júní 1988 þar sem nokkrir starfsmenn SÍS, Sambands íslenskra samvinnufélaga, voru ákærðir fyrir fjársvik, skjalafals og brot á lögum um skipan gjaldeyrismála vegna verslunar með kaffibaunir.

SÍS hafði séð um innflutning á kaffibaunum frá Brasilíu fyrir Kaffibrennslu Akureyrar á árunum 1979 til 1981 með milligöngu Norræna samvinnusambandsins. Starfsmenn SÍS voru meðal annars sakaðir um að hafa leynt Kaffibrennslu Akureyrar umtalsverðum afslætti sem seljandi kaffibaunanna veitti. Afslátturinn nam tæpum fimm milljónum dollara á verðgildi ársins 1981.

SÍS lét seljanda kaffibaunanna útbúa tvo reikninga, annan með afslættinum og hinn án afsláttarins, og notaði skrifstofu sína í London sem millilið fyrir við-

Í Kaffibaunamálinu svokallaða reyndu ákærðir að verja sig frammi fyrir þjóðinni samhliða málflutningi í Hæstarétti. Samband íslenskra samvinnufélaga réð til sín mann til þess að reyna að hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðla um málið.



GUÐMUNDUR EINARSSON

fimm ákærðu voru dæmdir sekir í héraðsdómi en Hæstiréttur dæmdi þrjá seka og sýknaði tvo.

Sérstök ferilgreining pöntuð

Málið vakti mikla athygli á sínum tíma og var fjallað um það í öllum

skiptin svo leyna mætti fjársvikunum. SÍS greiddi lægri reikninginn í gegnum banka í London og rukkaði Kaffibrennslu Akureyrar samkvæmt hærri reikningnum.

Auk þess að leyna Kaffibrennsluna afslættinum sem veittur var innheimti SÍS umboðslaun af sölunni sem hlutfall af hærri reikningnum. Fjórð af hinum

helstu fjölmiðlum landsins. Það sem vakti einna mestu athyglina var að fyrir málflutninginn í Hæstarétti höfðu Guðjón B. Ólafsson, forstjóri SÍS, og Valur Arnþórsson stjórnarformaður SÍS, ráðið Guðmund Einarsson verkfræðing til þess að semja ferilgreiningu um kaffiviðskiptin, sem jafnframt var lögð fyrir Hæstarétt. Þar að auki fengu fjölmiðlar eintak af ferilgreiningunni sem og ítarlegar skýringar Guðmundar á málavöxtum öllum.

Tilgangurinn með ferilgreiningunni var að sýna fram á hvernig kaffiviðskiptin hefðu átt að fara fram, en sakadómur hafði þegar dæmt þau ólögleg. Ekki var dregið dul á það að ferilgreiningin ætti að nýtast sakborningum, starfsmönnum SÍS, í málinu.

Guðmundur var í miklu sambandi við þá blaðamenn sem fjölluðu um málið og gætti þess einn að koma sjónarmiðum sakborninga á framfæri. Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri á Fréttablaðinu, var blaðamaður DV á þessum tíma og sat málflutninginn í Hæstarétti og fjallaði um málið í DV. Hann segir kaffibaunamálið skýrasta tilfellið



HLÉ FRÁ MÁLFLUTNINGI Í KAFFIBAUNAMÁLINU SÍS réð til sín mann sem gætti þess að fjölmiðlar heyrðu sjónarmið sakborninga í málinu.

þar sem ákærðir reyni að verja sig frammi fyrir þjóðinni þangað til núna í Baugsmálinu.

Reyndi að flytja mál SÍS í gegnum fjölmiðla

„Það sem er mér minnisstæðast frá málflutningnum í Hæstarétti og undanfara hans var aðkoma Guðmundar Einarssonar,“ segir Sigurjón. „Guðmundur var að mörgu leyti heillandi maður með sterka nærveru og munaði um hann þar sem hann var. Hann var

mjög duglegur við að setja sig í samband við okkur fjölmiðlamenn og benda okkur á þýðingu þess sem annað hvort verjandi eða sækjandi sögðu í málflutningum, augljóslega í þeim tilgangi að freista þess að hafa áhrif á fréttaskrif okkar. Guðmundur hafði enga beina aðild að málinu aðra en að flytja mál Sambandsins í gegnum fjölmiðla og þannig út til þjóðarinnar og ég vona að honum hafi ekki orðið ágengt,“ segir Sigurjón.

Barðist í fjölmiðlum

Blaðakóngurinn Conrad Black, sem stofnaði kanadíska útgáfufyrirtækið Hollinger, sem meðal annars gefur út bresku blöðin The Telegraph og Spectator auk Chicago Sun-Times og Jerusalem Post, hefur staðið í ströngu frá því í árslok 2003 þegar stjórn Hollinger sakaði hann og nokkra aðra stjórnarmeðlimi um að þiggja óeðlilegar þóknunargreiðslur. Hann var um leið neyddur til að segja af sér sem forstjóri fyrirtækisins. Black neitaði ásökunum og sagðist hafa sagt af sér sjálfviljugur því hann væri á leið á eftirlaun.



CONRAD BLACK Á LEIÐ Í RÉTTARSAL Fyrir um tveimur árum sakaði stjórn Hollinger hann um að hafa dregið sér fé en Black hefur barist fyrir mannorði sínu með hjálp almannatengslasérfræðinga.

Black sat áfram sem stjórnarformaður Hollinger þar til í janúar á síðasta ári, þegar hann var látinn hætta og stjórn Hollinger höfðaði mál á hendur honum og framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Þeir voru meðal annars ákærðir fyrir að hafa dregið sér fé og falsað reikninga. Black tók ásökunum ekki sitjandi heldur réð til sín ráðgjafa í einu virtasta almannatengsla-fyrirtæki New York-borgar.

Þeir hófust strax handa við að reyna að bæta fyrir þann skaða sem ímynd Black hafði þegar orðið fyrir og takmarka frekari skaða. Ráðgjafarnir settu sig í beint sam-

Blaðakóngurinn Conrad Black hefur átt í lagalegum útistöðum við útgáfufélagið Hollinger, sem hann sjálfur stofnaði. Hann er sakaður um fjárdrátt og skjalafals og réð til sín almannatengslafyrirtæki til að koma sjónarmiði sínu á framfæri.

band við alla helstu blaðamenn stórblaðanna, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum, sem fjölluðu um málið og reyndu að tryggja að sjónarmið Black í málinu fengju sem mest vægi.

Takmörk fyrir því hvað hægt er að gera

Þrátt fyrir gríðarlega herferð eru samt sem áður takmörk fyrir því hversu mikið er hægt að gera með góðum almannatengslum, því enginn endir var á ásökunum í garð Black.

Haustið 2004 var hann ákærður fyrir að draga til sín fé úr sjóðum Hollinger að andvirði tæpra þrjátíu milljarða króna síðustu sjö árin. Málinu var síðar vísað frá dómi. Black höfðaði á móti skaðabótamál á hendur stjórnarmönnum Hollinger fyrir að hafa skaðað orðstír sinn með örökstuddum ásökunum um fjárdrátt.

Þá höfðaði hópur kanadískra fjárfesta mál á hendur honum og sakaði hann um að hafa tapað milljörðum af fé þeirra með slæmri stjórnun fyrirtækisins.

Gerði ráðgjöfunum erfitt fyrir

Í mars 2005 tilkynntu yfirvöld í Bandaríkjunum að þau hefðu komið af stað opinberri rannsókn á fjárumsýslu Conrads Black. Almannatengslaráðgjafar Black áttu hins vegar í mestu vandræðum með að skýra út fyrir fjölmiðlum og almenningi hvers vegna Black hefði farið inn í skrifstofur Hollinger í maí og fjarlæggt tólf kassa fulla af skjölum þvert á bann dómstóla. Talsmaður Black í Bandaríkjunum, Jim Badenhausen, hélt því fram við fjölmiðla að Black hefði ekki gerst brotlegur. „Þetta voru persónulegir hlutir sem hann taldi sig hafa leyfi til að fjarlægja úr skrifstofu sinni,“ sagði hann. Kössunum var skilað líkt og dómari mælti fyrir um.

Málinu er ekki lokið, en almannatengslaráðgjafar Black hafa nóg fyrir stafni og enginn veit fyrir víst hvort starf þeirra beri árangur eða ekki.

Nýtti sér fangavistina

Martha Stewart var í fyrra dæmd í fimm mánaða fangelsi og fimm mánaða stofufangelsi að auki fyrir innherjaviðskipti. Hún var látin laus úr fangelsi í mars en situr enn í stofufangelsi heima hjá sér.

Fjölmiðlaumfjöllun um mál hennar er nánast öll á eina bókina. Flestir eru sammála um að fangelsisvist hennar og lagabrot hafi einungis haft jákvæð áhrif á ímynd hennar og að almenningsálitið sé henni mjög í hag. Til marks um það eru niðurstöður úr skoðanakönnun sem Gallup í Bandaríkjunum birti á föstudag þar sem fram kemur að meirihluti Bandaríkjamanna stendur við bakið á fyrirmyndarhúsmóðurinni og segist hafa jákvæð viðhorf til hennar. Flestir hafna því sjónarmiði að Stewart láti sem hún sé hafin yfir lögin.

En þetta gerðist ekki af sjálfu sér. Um leið og Stewart var sökuð um innherjaviðskipti fór stór almannatengslamaskína í gang. Hún réði til sín ráðgjafa sem lögðu á ráðin um það hvernig hægt væri að takmarka skaðann sem ímynd hennar og fyrirtæki kynnu að verða fyrir vegna málsins. Þegar hún var dæmd í undirrétti ákvað hún að hlíta dómnunum í stað þess að áfrýja og hóf strax að afplána fangavistina. Þá bauð hún fjölmiðlum að vera viðstaddir þegar hún kvaddi hund sinn og kanarífugla með miklum innileik þegar hún fór í fangelsið. Ímyndarsérfræðingar vestan hafs segja að hvort tveggja hafi verið snilldarbragð, því þá um leið hafi hún byrjað að vinna almenning á sitt band.

Verð á hlutabréfum snarhækkaði

Hún afplánaði fangavist sína í opnu fangelsi og nýtti sér hana sem best hún mátti. Fréttir um hana birtust reglulega í fjölmiðlum þar sem sagt var frá því hvað hún hefðist við í fangelsinu þar sem hún gerði allt fagað og fint, eldaði og þrjónaði og var fyrirmyndarhúsmóðir í einu og öllu. Verð á hlutabréfum í fyrirtæki hennar

Mál kaupsýslukonunnar þekktu Mörthu Stewart í Bandaríkjunum hefur vakið mikla athygli um heim allan, ekki síst fyrir allt fjölmiðlaumstangið í kringum það. Ímynd hennar þykir ekki hafa beðið hnekki af fangavistinni.

snarhækkaði á þeim tíma sem Stewart var í fangelsi eftir að hafa hrunið niður úr öllu valdi þegar upp komst um brot hennar. Hún gekk nýverið frá samningum um tvo sjónvarpsþætti sem hefja göngu sína í bandarísku sjónvarpi í haust, sat á dögnum

fyrir á forsiðu tímaritsins Vanity Fair, fékk tveggja milljóna króna greiðslu fyrir ritun bókar um heilsufar og mataræði og



MARTHA STEWART Í STOFUFANGELSI Á HEIMILI SÍNU Stewart hefur nýtt sér fjölmiðlana til hins ýtrasta og sýnir hér sítrónur sem hún ræktaði í gróðurhúsi í garði sínum.

undirbýr framleiðslu á húsgagnalínu undir eigin merki. Þar að auki hafa auglýsendur snúið sér aftur að tímariti hennar Martha Stewart Living Magazine, eftir að hafa flúið sökkvandi skip í fyrra.

Martha Stewart er síður en svo af baki dottin.

www.toyota.is

Þú færð meira en þú borgar fyrir



COROLLA SEDAN. Aukapakki að verðmæti 115.000 kr. fylgir með.

Gríptu tækifærið! Nú bjóðum við Corolla Sedan með spennandi aukapakka fyrir veturinn, vetrardekkjum og álfelgum. Aðeins örfáir bílar eru til afhendingar á þessu kostaboði.

Það borgar sig að taka fljótt af stað!

Verð: 1.799.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



SIGUR RÓS Frá vinstri: Jón Þór Birgisson, Orri Dýrason, Georg Hólm og Kjartan Sveinsson. Nýjasta plata Sigur Rósar kemur út 12. september.

Ekki hljóðfæraleikarar fyrir fimm aura

Hljómsveitin Sigur Rós er í stuttu stoppi hér á landi eftir tónleikaferð um Evrópu sem hófst í júlí. Á næstu dögum tekur síðan við tónleikaferð um heiminn sem stendur yfir í heilt ár. Tilefnið er fjórða plata sveitarinnar, Takk, sem kemur út 12. september. *Freyr Bjarnason* hitti **Kjartan Sveinsson** hljómborðs-leikara og fræddist um nýju plötuna, öfgafulla aðdáendur og ósættið við Gillian Anderson.

Fjórðu hljóðversplötu Sigur Rósar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu á meðal tónlistaráhugamanna. Þrjú ár eru liðin síðan síðasta plata, (), kom út. Sú festi Sigur Rós í sessi sem eina athyglisverðustu hljómsveit veraldar þrátt fyrir að hún hafi ekki verið jafnaðgengileg og Ágætis byrjun.

Öll lögin á Takk eru ný fyrir utan Milanó og Gong, sem er nokkur breyting frá síðustu plötu sem hafði að mestu að geyma lög sem höfðu verið samin löngu áður. Fyrsta smáskífulagið nefnist Glósóli og verður það eingöngu gefið út á netinu. Útgáfutónleikar hér heima vegna nýju plötunnar verða haldnir í október en ekki hefur verið ákveðið hvar þeir verða haldnir.

Mæta ferskir til leiks
Kjartan Sveinsson, hljómborðs-leikari Sigur Rósar, segir að ýmislegt hafi breyst síðan síðasta plata kom út. „Við vorum fyrir löngu búnir að fá leið á Ágætis byrjun og vorum farnir að semja fullt af nýjum lögum og spila þau á tónleikaferðum úti um allt. Þetta gerðist allt mjög hratt og við vorum miklu yngri. Við fórum í fullt af viðtölum og síðan treystir maður engum. Ég held að síðasta plata endurspegli það dálítið. Við fórum í stúdíó að taka hana upp og hún var ekkert rosalega fersk. Hún var rosalega erfið og erfitt að taka hana upp. Eftir að við vorum búnir að túra hana tókum við árs frí og mættum svo ferskir til að gera þessa plötu. Hún hélt eiginlega fersk í gegnum allan „prósessinn“. Það endurspeglar í rauninni hvernig okkur leið þegar við vorum að gera hana. Það var gaman að spila aftur og vera hljómsveit.“

Um hvað fjalla textarnir ykkar?
„Þetta eru litlar smásögur, ekkert merkilegar og mjög „naív“. Þetta eru lítil ævintýri, flest af þessu. Sumt af þessu er skemmtileg orð og setningar. Við erum engir rithöfundar. Við gerum bara

það sem er eðlilegt fyrir okkur og erum ekkert að rembast eitthvað meira.“

Er tónlistin ykkar ekki svolítið „naív“ líka?
„Það er alveg það sama þar. Við erum ekkert hljóðfæraleikarar fyrir fimm aura. Ástæðan fyrir því að hlutirnir eru einfaldir hjá Sigur Rós er sú að upprunalega var tæknikunnáttan ekki það mikil. Svo hefur það náttúrulega þróast. Við erum ekkert klárir. Ég er ekkert að spila einhverjar Liszt-sónötur á píanóið, ég bara get það ekki. Ég geri bara það sem ég get og kann, sem er fínt. Það skapar bara einfaldleika og einlægni. Það er einhvern veginn auðveldara að fylgja því eftir.“

Hvað varstu að gera áður en þú slóst í gegn með Sigur Rós?
„Ég vann á leikskóla í þrjú ár. Síðan vann Jónsi í vélsmíðju hjá pabba sínum og Georg vann hjá Stöð 2 en Orri var þá ekki kominn í sveitina. Við vorum í „nætursessióni“ uppi í Sýrlandi og vorum að mixa alla nóttina og svo fór maður beint í vinnuna klukkan átta að hlusta á krakkana og ég var alveg brjálður í skapinu,“ segir Kjartan, sem fannst engu að síður gaman að vinna á leikskól-anum og söng meðal annars og spilaði á gítar. „Ég nennti ekki að fara í menntaskóla. Það eru rosamargir sem fara í menntaskóla af því að það er svo gaman en ég einhvern veginn fattaði það ekki. Ef ég fer í menntaskóla fer ég þangað til að læra. Ég gat ekki tekið það alvarlega og langaði bara að fara að vinna og reyna að gera músík.“

Fyrst og fremst vinna
Færðu ekki heimþrá þegar þú ert á löngu tónleikaferðalagi?
„Jú, þetta er náttúrulega svolítið lýjandi. Þetta lítur kannski út fyrir að vera geðveikt parti, sem það er stundum líka. Það er gaman að fara á þessa staði og spila en þetta er fyrst og fremst bara vinna og maður þarf að

standa sig. Maður er kannski í einhverri fallegri evrópskri borg og sér ekkert nema innan í búningsherbergið því maður hefur ekki tíma til að fara neitt.“

Margir þekktir tónlistarmenn segjast vera aðdáendur Sigur Rósar og er Chris Martin úr bresku hljómsveitinni Coldplay einn af þeim. Vilja ekki margir hitta ykkur baksviðs eftir tónleika?
„Chris hefur komið einu sinni eða eitthvað, en ekkert á þessum túr. Eftir tónleika þarf ég stundum að vera einn, kannski með góðum vinum, og slappa af. Þá nennir maður ekki að vera að tala við eitthvert lið. Gillian Anderson (úr þáttunum X-Files) hefur reyndar komið svolítið oft en ekki lengur. Ég held að hún sé hætt því. Ég var einhvern tímann að stríða henni og hún hefur ekki komið síðan.“

Í fjórum hljómsveitum heima
Vilja ekki margir fá að starfa með ykkur?
„Nei, ekki svo mikið. Yfirleitt er aldrei tími til þess. Við erum beðnir um að gera tónlist við myndir og það hefur oft verið spennandi en það er ekkert oft sem fólk vill vinna með okkur. Við erum beðnir um að remixa hitt og þetta en það er aldrei tími.“

Hafið þið sjálfir ekkert áhuga á samstarfi við aðra tónlistarmenn?
Kannski einhvern tímann í framtíðinni en það er ekkert rými til þess núna. Það er rosalega gaman að vinna með fólki. Eins og hérna heima eru allir vinir manns í einhverju. Það er svo skemmtilegur fflingur hérna. Það eru allir að spila með öllum og allir í fjórum hljómsveitum. Það væri geðveikt gaman að taka þátt í þessu en maður getur ekkert verið með í því.“

Skrítið að syngja á ensku
Af hverju hefur Sigur Rós ekki reynt að gera sig aðgengilegri fyrir erlendan markað, til dæmis með því að syngja á ensku?

„Mér hefur alltaf fundist skrítið að syngja á ensku. Það er ekki okkar móðurmál. Ég tala alveg ensku en þegar ég þarf virkilega að tjá mig um eitthvað er það erfitt. Ég sé ekki alveg að það sé einlægt ef ég er að reyna það á ensku.“

Eruð þið ekki undir neinum þrýstingi um að vera aðgengilegri?
„Nei, nei, nei. Það er enginn að þrýsta á okkur. Við erum bara eins og við erum og erum búnir að vera svona rosalega lengi og það hefur virkað. Forsendurnar eru bara svona og þeir reyna ekki einu sinni að breyta okkur. Við gerum bara það sem við viljum. Það er mikilvægast því annars er maður farinn að sleppa svolítið tókum á sjálfum sér. Auðvitað breytast forsendur og áherslur. Við vorum svo ungir þegar við byrjuðum og svo „passionate“ með þessa hluti. Við gáfum aldrei tommu eftir. Svo linast fólk oft með aldrinum í þá átt finnst mér en maður reynir að halda sínu striki.“

Eruð þið ekki miklir náttúruverndarsinnar, til dæmis varðandi Kárahnjúka?
„Okkur hefur fundist svakalega erfitt að koma fram með einhverjar skoðanir á hlutunum. Við reynum að gera sem minnst í því að persónugera okkur. Við erum að gera músík og spila hana og það er það sem þetta snýst um. En með Kárahnjúka var manni svolítið mikið ofboðið. Við erum allir á móti því. Annars höfum við yfirleitt reynt að vera ekki með einhverjar yfirlýsingar. Við erum oft beðnir um að styrkja einhvern flokk og jafnvel beðnir um að fara fram í einhverju sæti en við höfum aldrei viljað það. Það er of persónulegt og við erum ekkert sammála um alla hluti. En aðallega samt af því að það kemur músíkinni ekkert við.“

Brenndar í Bandaríkjunum
Þannig að þið ætlið ekkert að predika gegn Bush á tónleikaferð ykkar um Bandaríkin?



TAKK MEÐ AUGUM KJARTANS SVEINSSONAR

- 1. TAKK** Takk er náttúrulega intró-lag.
- 2. GLÓSÓLI** Glósóli er fyrsta lagið sem við semjum fyrir utan Milanó og Gong. Þegar við sömdum það var svolítið gaman að sjá hvað kæmi síðan næst.
- 3. HOPPÍPOLLA** Þetta er mjög skemmtilegt lag. Það er svolítið endurvinnsla í því. Við stálum frá okkur sjálfum af Ágætis byrjun, klippjum út bú, snerum honum við og hægðum á honum. Við tókum „lúppu“ úr Viðrar vel til loftárása. Þetta er svolítið stúdíólag sem var mikið unnið í „kontrólherberginu“. Við gerðum þetta líka í Staráfi.
- 4. MEÐ BLÓÐNASIR** Þarna tókum við „lúppu“ úr Hoppípolla og snerum henni við aftur. Þetta eru svona tví-buralög.
- 5. SÉ LEST** Þarna fengum við svo mikið af hljóðfærum, til dæmis víbrafón og selestu. Það varð alls konar skemmtilegt til í kringum það.
- 6. SÆGLÓPUR** Mér fannst það svolítið væmið þegar við við vorum að gera það fyrst. Mér fannst píanóið svolítið „halló“ en svo ræstist vel úr því með svolitlu rokki og róli. Það er gaman að spila þetta lag.
- 7. MÍLANÓ** Það er samið með stelpunum úr Aminu í Milanó fyrir mörgum árum. Þetta voru ömurlegir tónleikar reyndar í Milanó sama kvöld, en lagið var samið í sándtékki. Það er dálítið skrítið að spila það núna og ég var mjög lengi að sætta mig við þetta lag.
- 8. GONG** Það er elsta lagið á plötunni. Stelpurnar í Aminu útsetja það líka.
- 9. ANDVARI** Þetta var gömul hugmynd sem var alltaf fyrir aftan Gong. Síðan hélt ég áfram með gítarinn. Þetta lag gekk alltaf voða illa en svo þrjúskuðumst við í gegn að taka það upp. Ég er ógeðslega ánægður með þetta lag.
- 10. SVO HLIÓTT** Það er dálítið erfitt að lýsa því lagi.
- 11. HEYSÁTAN** Þetta er röleggt lag og platan er svolítið búin þarna.

„Nei, það er stórhættulegt. Maður þarf að passa sig á því sem maður segir í Bandaríkjunum. Þegar við fórum þangað erum við stoppaðir og settir í einhvern öryggisföng. Það er leitað ítarlega á okkur og í öllum töskunum. Þá hugsar maður: Hvað er maður eiginlega að spila í þessu landi? En við erum náttúrulega að spila fyrir fólkið sem býr þarna en ekki ríkisstjórnina. Ég held að það sé bara gott að við spilum þar. Músíkin segir allt sem segja þarf. Einhvern tímann leigðum við „banner“ á heimasíðuna okkar sem var gegn stríði. Það var fullt af aðdáendum sem ætluðu að kveikja í plötunum okkar í Bandaríkjunum.“

Er nýja platan ykkar sú besta?
„Það sem við erum að gera á hverri stundu er alltaf best, en það segja reyndar allar hljómsveitir það. Ég hef eiginlega ekkert hlustað á gömlu plöturnar. Ég hef einu sinni hlustað á sviga-plötuna og tvisvar á Ágætis byrjun. Maður fær bara nóg af þessu enda búinn að hlusta á þær milljón sinnum í „prósessnum“. Það er líka allt öðruvísi að spila þær á tónleikum, en við erum rosalega ánægðir með þessa plötu.“■

UTVÖRÐ
HLJÓMBORÐ
MAGNARAR
BÍLMAGNARAR
BÍLTÆKI
BILHÁTALARAR
HEYRNARTÓL HÁTALARAR
SJÓNVARPSTÆKI
FERÐATÆKI
MYNDAVÉLAR LCD SJÓNVÖRÐ
DVD SPILARAR PLASMA SJÓNVÖRÐ
ELDARVÉLAR ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
ÖRBYLGJUOFNAR SAMLOKUGRILL GEISLASPILARAR
PVOTTARVÉLAR REIKNIVÉLAR MYNDBANDSTÆKI
KAFFIVÉLAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
HRÆRIVÉLAR RAKVÉLAR
HÁFAR VÖFFLUJÁRN

ÚTSALA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGUR

ENN MEIRI
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM
VÖRUM

ÚTSÖLUNNI LÝKUR
Í DAG – OPIÐ 10-16

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur – fyrstur fær!



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost indesit VESTFRÖST Whirlpool


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Frábær verðlaunamynd sem hreppti m.a. Óskarsverðlaun fyrir handritsgerð. Bill Murray og Scarlett Johansson fara með aðalhlutverkið í þessari stórskemmtilegu mynd.

LOST IN TRANSLATION

Í kvöld kl. 20:10



GOTT FOLK MCCANN

FRÉTTABLAÐIÐ

27. ágúst 2005 LAUGARDAGUR



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

VÍÐIR GUÐMUNDSSON Er hvorki hommi né góður í fót-bolta. Leikur engu að síður kærasta Björns Hlyns í kvik-myndinni Strákarnir okkar sem frumsýnd verður í næstu viku.

Rennismiður verður leikari í kvikmynd

Víðir Guðmundsson leikur Daníel í kvikmyndinni Strákarnir okkar. Hann fékk hlutverkið sem margar stelpur myndi dreyma um að fá. *Freyr Gígja Gunnars-son* komst að því hvaða hlutverk það var.

Á fimmtudaginn verður frumsýnd ný íslensk gamanmynd eftir Róbert Douglas sem heitir Strákarnir okkar. Hún fjallar um Óttar Þór, sem er frambærilegur knattspyrnumaður á hátindi ferils síns. Á konu og strák. Ákveður síðan að koma loks út úr skápnum með tilheyrandi erfiðleikum og látum. Hættir í KR og fer að spila með homma-fótboltaliði. Eignast kærasta og tekst á við lífið sem hommi.

Það er Björn Hlynur Haraldsson sem leikur Óttar Þór. Víðir Guðmundsson leikur Daníel, kærastann hans. Hann er „nýja kjötið í bænum“. Stundar skemmtistaði og er frekar villtur. Finnst æðislegt að vera kominn út úr skápnum. Ólíkt Óttari Þór, sem er enn að velta því fyrir sér hvort hann eigi ekki bara að vera með eiginkonu sinni. Sleppa þessu öllu. Fara bara inn í skápinn aftur.

Ekki slæmt upphaf

Víðir situr pollrólegur á Prikinu. Þrátt fyrir að það sé frekar snemma morguns er ekki eins og hann sé ný-vaknaður. Hann er bara hress. Ætti líka að vera það. Er að æfa leikrit með Nemendaleikhúsinu sem byggt



DANÍEL OG ÓTTAR ÞÓR Daniel nýtur þess að vera kominn út úr skápnum. Óttar Þór er þó meira fyrir að vera heima og slaka á. Engu að síður ná þeir vel saman og verða par. Hvort ástin lifir að eilífu verður síðan að koma í ljós.

er á þremur bókum eftir Hugleik Dagsson og heitir „Forðist okkur“. Stefán Jónsson leikstýrir en verkið er sett upp í samstarfi við Common Nonsense.

Hann var nánast búinn að gefast upp á leiklistinni. Var búinn að læra rennismiði. Hafði reynt við leiklistarskólann þrisvar og ætlaði ekkert að fara í fjórða skiptið. „Svo fór ég í prufurnar með því hugarfari að mér væri nákvæmlega sama og þá gekk það,“ segir hann og hlær. Hafði fram að því verið í áhugamannaleikfélögum. „Ef ég hefði ekki komist inn ætlaði ég að klára stúdentsprófið og fara í Háskólann,“ bætir hann við.

Hann var að leika hjá tónlistar- og þróunarmiðstöð Reykjavíkur í leikriti eftir Jón Atla þegar honum var boðið að koma í prufu fyrir kvikmynd. „Jón Atli hafði sagt að ég væri tilvalinn í hlutverkið,“ segir Víðir en Jón Atli skrifar handritið að Strákunum okkar. „Ég hitti Róbert Douglas leikstjóra og Björn Hlyn. Við lékum nokkrar senur og svo var þetta bara klappað og klárt,“ bætir hann við. Ekki búinn með leiklistina en strax kominn með hlutverk í kvikmynd. Ekki slæm byrjun á ferlinum.

Víðir segir að gerð kvikmyndar hafi verið ný reynsla fyrir sig. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir því hversu mikið batteri þetta væri. „Það var frábær andi í hópnum og við spiluðum fótbolta á milli. Það kom samt mest á óvart hversu mikill tími fór í bið. Ég var að bíða í níutíu prósent af þeim tíma sem ég var í vinnunni,“ segir hann.

Draumahlutverkið?

Víðir fær að vera það sem flestar stelpur dreymir um að vera. Hann fær að vera kærastinn hans Björns Hlyns. „Ég vissi samt ekkert hver hann var. Allir voru að tala um hann en ég hafði bara ekki hugmynd hver þessi náungi væri,“ segir Víðir og hlær. Segir að þeir kyssist ekkert í myndinni. „Það var samt ein sena sem reyndi alveg rosalega mikið á,“ segir hann.

Víðir á kærustu. Hún kippti sér ekkert upp við það að kærastinn væri að leika homma. „Sagðist bara vera feginn að ég væri ekki að kyssa einhverja stelpu,“ segir hann og hlær.

„Ég veit samt ekki alveg hvað mamma og pabbi segja þegar þau sjá myndina.“ Víðir segir enn fremur að margir félagar og kunningjar hafi rekið upp stór augu þegar hann kom á vagni niður Laugaveginn á Gay Pride göngunni. „Ég er viss um að margir hafi hugsað: Hann átti kærustu, er það ekki?“ segir Víðir og hlær. „Ég var sjálfur með alveg hrikalega hommafóbbu fyrir svona átta árum. Svo þroskaðist ég bara sem betur fer,“ segir hann.

Víðir segist ekki hafa hugsað neitt sérstaklega mikið út í það að hann væri að leika homma. „Ég flegði burt þessari stereótýpu sem drekkur kokkteila og er þvílíkt kvenlegur. Var bara ég,“ segir hann. Þrátt fyrir að aðalsögupersónan sé knattspyrnuhetja fjallar myndin ekki mikið um fótbolta. Ef svo væri hefði Víðir sennilega ekki fengið hlutverkið. „Ég get ekkert í fótbolta. Hætti að æfa þegar ég var þrettán ára. Ætlaði einhvern tímann að tækla Björn Hlyn þegar við spiluðum á móti Vesturporti. Hann hló bara og sólaði framhjá mér.“ Strákarnir okkar fjallar því frekar um það ferli sem fer í gang þegar einhver kemur út úr skápnum. „Hún snýst mest um að hafa húmor fyrir sjálfum sér og taka sig ekki of alvarlega.“


[Startpakkin]

HAUST '05

>> 1 MÁNUÐUR Í LÍKAMSRÆKT HJÁ ISF > 2 TÍMAR HJÁ
EINKAÐJÁLFARA ISF >>> SPORTÐRENNNA FRÁ LÝSI
>> 12 BRÉF AF MYOPLEX FRÁ EAS

ENGA

Afsökun!



ISF í samstarfi við Lýsi og EDS bjóða þér frábært tilboð
til þess að koma þér af stað í ræktina.

1 kort
og nú
4 stöðvar

BADHÚSIÐ BETRUNARHÚSIÐ
SPORTHÚSIÐ PREKHÚSIÐ

TILBO SVER :
5.900 kr.
(fullt verð 22.400 kr.)



ICELAND
SPA & FITNESS
SÍMI 561 5100 WWW.ISF.IS



Heyrst hefur ...

... að meistaraflokksleikmenn og hörðustu stuðningsmenn FH ætli að fjölmenna á úrslitaleik 5. flokks í Garðabæ í dag en þar spila FH-strákarnir til úrslita við Breiðablik. FH getur varið titilinn frá því í fyrra en þá komu einmitt fjölmargir meistaraflokksleikmenn á völinn og studdu vel við bakið á framtíðarleikmönnum félagsins.

sport
sport@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

AGÚST

24 25 26 27 28 29 30

Laugardagur

LEIKIR

- ☐ 14.00 Víkingur Ó. og Völsungur mætast í 1. deild karla í knattspyrnu á Ólafsvíkuvelli.
- ☐ 14.00 Þór tekur á móti Fjölni í 1. deild karla á Akureyrarvelli.
- ☐ 14.00 KS og Haukar mætast í 1. deild karla á Siglufjarðarvelli.

SJÓNVARP

- ☐ 09.40 Strandblak á Sýn.
- ☐ 13.40 Mótorsport 2005 á Sýn.
- ☐ 10.30 Upphitun á Enska boltanum.
- ☐ 11.00 Enska knattspyrnan á Enska boltanum. Bein útsending frá leik WBA og Birmingham.
- ☐ 13.15 Á vellinum með Snorra Má á Enska boltanum.
- ☐ 13.45 Enska knattspyrnan á Enska boltanum.
- ☐ 15.20 Gullmót í frjálsum á RÚV.
- ☐ 15.35 Ensku mörkin á Sýn.
- ☐ 16.05 Enska 1. deildin á Sýn. Bein útsending frá leik Watford og Reading.
- ☐ 19.50 Spænski boltinn á Sýn.
- ☐ 22.00 Hnefaleikar á Sýn.

Viltu PSP?
Aðalvinningur er PSP + 4 leikir!

Sendu SMS skýtið
BTC PSP á númerið
19001

Svarðu einni spurningu um
PlayStation og þú getur unnið!
*12. hver vinnur!

PlayStation.2

PSP

GK 99 EHF ER Í FJÁRHAGSÖRÐUGLEIKUM: GRINDAVÍKURBÆR KEMUR TIL BJARGAR

Áhorfendastúkan í Grindavík á uppboð

Áhorfendastúkan við knattspyrnuvöllinn í Grindavík var auglýst á uppboði hjá sýslumanninum í Grindavík í vikunni. Eigandi hennar er Grindvísk knattspyrna 99 hf., en það er hlutafélag sem stofnað var til þess að reisa áhorfendastúkana glæsilega í Grindavík fyrir fjórum árum síðan. Jónas Þórhallsson, stjórnarmaður í GK 99, vonast til þess að hægt verði að ganga frá þessari skuld fjótlega. „Þetta mál er í ákveðnum farvegi sem miðar að því að Grindavíkurbær komi okkur til hjálpar til þess að greiða þessa skuld við Sparisjóðinn í Keflavík, sem er rúm-

lega 23 milljónir króna eins og staðan er í dag.“

Upphaflega var lánið upp á átján milljónir króna en dregist hefur að borga skuldina og því hefur hún hækkað umtalsvert. Grindavíkurbær og GK 99 hf. stóðu saman að því að reisa stúkuna og skiptu kostnaðinum jafnt á milli sín. Lánið sem eftir á að borga var tekið af GK 99 hf., og er það því ekki Grindavíkurbær sem skuldar enn í stúkunnni. Jón Þórisson, fjármálastjóri Grindavíkurbæjar, segir

viðræður milli GK 99 hf. og bæjarins hafa staðið yfir undanfarnar vikur en samkomulag hefur ekki náðst ennþá. „Grindavíkurbær hefur staðið við allar sínar skuldbindingar gagnvart GK 99 hf. Skuldin er tilkomin vegna lántöku GK 99 hf. hjá Sparisjóðnum í Keflavík, með veði í stúkunnni, og er Grindavíkurbær óviðkomandi. En það standa nú yfir viðræður á milli GK 99 hf. og Grindavíkurbæjar um það hvernig megi leysa þetta mál farsælega, og

vonandi fæst niðurstaða í þetta mál sem allra fyrst“



> Við drögum í efa ...

... að Berki Edvardssyni sé stætt að sitja áfram í millipinganeft KSÍ um félagsskipti og samninga. Bórkur hefur viðurkennt að hafa rætt við Atla Jóhannsson á það sem virðist hafa verið kolólöglegan hátt en í starfi sínu í nefndinni þarf hann að gjörþekkja allar reglugerðir um samningamál. Bórkur virðist ekki eiga sér nein málsmætur.

> Við fögnum því ...

... að íslensk knattspyrna skuli mögulega vera að fá menntaösta íslenska þjálfarann í sínar raðir. Teitur Þórðarson er með UEFA-Pro gráðu, sem meðal annars veitir réttindi til að þjálfra í efstu deild í öllum löndum Evrópu.

Bórkur situr beggja vegna borðsins

Bórkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, sem sakaður er um að hafa fyrr í vikunni rætt ólöglega við Atla Jóhannsson, leikmann ÍBV, situr í nefnd innan KSÍ sem sér um að endurskoða reglugerðir um félagaskipti og samninga. Framkvæmdastjóri KSÍ segir málið óheppilegt.

FÓTBOLTI Bórkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, sem knattspyrnudeild ÍBV sakar um að hafa rætt ólöglega við Atla Jóhannsson fyrr í vikunni um möguleg félagaskipti hans til Vals, er einn af fimm meðlimum í millipinganeft KSÍ um félagsskipti og samninga. Að sögn Geirs Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra KSÍ, hefur þessi nefnd það hlutverk að endurskoða reglugerðir um félagaskipti eftir hvert keppnistímabil og leggur til breytingar á þeim ef hún telur þess þörf, en Bórkur var skipaður í þessa nefnd fyrir keppnistímabilið í ár.

Geir segir að nauðsynlegt sé að þeir sem taki að sér störf í nefndinni kynni sér allar slíkar reglugerðir rækilega, en af vinnubrögðum Barkar í máli Atla, sem er samningsbundinn ÍBV út næsta sumar en Bórkur ræddi samt sem áður við án vitundar knattspyrnudeildar ÍBV, má efast um hvort Berki sé sætt í þeirri nefnd. Í reglugerð KSÍ um samninga og stöðu leikmanna og félaga segir orðrétt í lið D-2:

„Félag, sem gerir sambands-samning, skuldbindur sig til að hlíta reglum KSÍ um félagaskipti



BÖRKUR EDVARDSSON Situr í nefnd innan KSÍ sem sér um reglugerðir félagsskipta og ætti því að þekkja þær manna best. Engu að síður ræddi hann við Atla Jóhannsson, leikmann ÍBV, á ólögmatan hátt.

leikmanna. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann nema að fengnu leyfi frá

viðkomandi félagi. Þó er heimilt að ræða við samningsbundinn leikmann eftir 15. október án leyfis viðkomandi félags, ef samn-

ingur hans rennur út eigi síðar en um næstu áramót.“

Bórkur sagði við Fréttablaðið í fyrradag að ástæðan fyrir því að hann hefði haft samband við Atla væri að hann hefði talið að samningur hans rynnir út á þessu ári. Annað hefði hins vegar komið í ljós og í kjölfarið hefði hann beðið knattspyrnudeild ÍBV afsökunar, sem engu að síður hefur lagt inn kæru til KSÍ vegna málsins. Í áðurnefndri reglugerð segir hins vegar að það hefði engu skipt þótt samningur Atla hefði runnið út á þessu ári – Bórkur hafði engan rétt til að ræða við hann fyrr en eftir 15. október.

Aðspurður um hvort hann, sem fulltrúi nefndar sem sér um þessi mál innan KSÍ, hefði ekki átt að kannast við þetta ákvæði, kvaðst Bórkur ekki vilja tjá sig meira um þetta mál. „Þetta er á milli okkar og Eyjamanna“, sagði hann.

Að sögn Geirs er kæra ÍBV komin í farveg innan KSÍ og segir hann að gagnaöflun og rannsókn málsins geti tekið nokkrar vikur. Um setu Barkar í félagaskipta-nefndinni sagði Geir að ef fótur væri fyrir ásökunum Eyjamanna væri hún vissulega óheppileg.

vignir@frettabladid.is

Leik KR-inga að nýjum þjálfara lokið?

Teitur Þórðarson að taka við KR-ingum

FÓTBOLTI Forráðamenn KR hafa samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins rætt við Teit Þórðarson um að hann taki við þjálfun liðsins fyrir næsta sumar.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt er Sigursteinn Gíslason núverandi þjálfari liðsins eftir að hafa tekið við af brottviknum Magnúsi Gylfasyni en svo virðist sem forráðamenn KR sjái Sigurstein ekki fyrir sér sem endanlegan arftaka Magnúsar.

Teitur er nú á öðru ári sínu sem knattspyrnustjóri hjá Ull-Kisa í norsku 2. deildinni, en samningur hans við félagið rennur út um áramótin. Í samtali

við Fréttablaðið í gær kvaðst Teitur hafa fengið nokkrar fyrirspurnir frá öðrum félögum en ekkert væri fast í hendi enn sem komið er. Spurður um hvort KR væri eitt þessara félaga vildi Teitur hvorki játa né neita. „Ég held að ég sé ekkert að segja um þetta mál í augnablikinu“, sagði hann.

Teitur viðurkenndi hins vegar að hann væri að skoða sín mál og gæti vel hugsað sér til hreyfings. „Á meðan ég hef ekki ákveðið neitt er ég opin fyrir öllu, þar á meðal að koma til Íslands. Ég útiloka ekki neitt“, sagði Teitur.

- vig



TEITUR ÞÓRÐARSON Gæti verið að leið í Frostaskjólíð eftir áralanga dvöl sem þjálfari í Eistlandi og Noregi.

Ofurbikarinn í gærkvöldi:

Liverpool-sigur í framlengingu

FÓTBOLTI Djibril Cissé kom inn á sem varamaður á 79. mínútu, skoraði tvö mörk og lagði upp eitt fyrir Luis Garcia í 3–1 sigri Liverpool á CSKA Moskvu í framlengund leik í Mónakó í gær.

Þessi leikur var uppgjör Evrópumeistara meistaraliða og Evrópumeistara félagsliða um svonefndan ofurbikar og Liverpool vann hann nú í þriðja sinn. Rússarnir komust yfir á 28. mínútu með marki Daniels Carvalho. Cisse jafnaði leikinn á 82. mínútu, kom liðinu yfir á 13. mínútu framlengingarinnar og lagði síðan upp þriðja markið fyrir Luis García.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Ofurbikarinn:

LIVERPOOL–CSKA MOSKVA 3–1, frl. 0–1 Carvalho (28.), 1–1 Cissé (82.), 2–1 Cissé (103.), 3–1 Luis Garcia (110.).

1. deild karla:

HK–KA 1–2
0–1 Haukur Sigurbergsson (10.), 0–2 Hreinn Hringsson (81.), 1–2 Rúrik Gíslason (90. + 2).

STAÐA EFSTU LIÐA:

BREIÐABLIK	16	12	4	0	28–10	40
VÍKINGUR	16	8	7	1	33–9	31
KA	16	9	4	3	34–14	31
ÞÓR	15	5	3	7	21–30	18

CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

Hondagæði og Hondapægindi á Hondagóðu verði



Álfelgur eru aukabúnaður á mynd

VERLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP'S

→ Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

1.895.000 kr.
19.922 á mánuði*

* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



Í Honda Civic finnur þú allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefnari fyrir hagsýni - verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

honda.is



Vatnagarar 2 4-26 Sími 520 1100
www.bernhard.is

Útsala

opið í dag!

Laugard. 11-16
Sunnud. 13-16

Val húsgögn

Ármúla 8 • 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Spjallmaður Franní Guðsson
Ólafur Pétur Hólmsson
Spjallmaður Þorbjörn Þórhildur
Jóhanna Vigdís Árnadóttir
Hönnuðin Ragnheiður
Jóhann Sigurðsson
Ólafur Pétur Hólmsson
Spjallmaður Þorbjörn Þórhildur
Jóhanna Vigdís Árnadóttir
Hönnuðin Ragnheiður

ÆVINTÝRA FERÐIN

ÍSLENSKT TAL
NÚ Í BÍÓ

FRÁBÆRT ÆVINTÝRI FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

6	5	1	2	4	7	9	3	8
7	8	4	3	9	1	2	5	6
2	3	9	6	5	8	7	4	1
9	1	5	8	2	6	3	7	4
3	7	2	4	1	5	8	6	9
8	4	6	9	7	3	5	1	2
1	9	3	7	6	2	4	8	5
4	6	7	5	8	9	1	2	3
5	2	8	1	3	4	6	9	7

3		2	8		4			1
1			6				9	8
		7		5			6	
9				7		5	8	
	3	8			1	4		
	7	1		2				6
	1			8		4		
6	2				9			3
4			3	2	6			5

su | do | ku
© Puzzles by Pappocorn

STUÐ MILLI STRÍÐA · Gat í íslenskunni?

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR ÓSKAR EFTIR TILLÖGUM AÐ NÝRRÍ ÁSTARJÁTNINGU

Ég hef lengi verið með þá kenningu að frasinn „ég elska þig“ sé mjög lítið notaður í íslensku og samsvari engan veginn ensku útgáfunni „I love you“. Svo virðist vera sem „ég elska þig“ sé bara sparifrasi og sé aðallega notaður í ástarsamböndum en sjaldan við börn eða á milli vina. Hins vegar nota Bandaríkjamenn „I love you“ sem hversdagslega kveðju eins og þeir eigi lífið að leysa.

Þegar ég var að horfa á rómantíska bandaríska gamanmynd í sjónvarpinu um daginn fékk ég sönnun á kenningunni minni. Heimilisfaðirinn á vídeóinu er að faðma dóttur sína og litla stelpa segir þá „I love you“. Nema hvað, þetta var þýtt „þú ert bestur!“ Þýðandinn ákvað greinilega að það væri óeðlilegt að þýða frasann „beint“ og greip þess í stað til þess ráðs að nota ennþá klaufalegri þýðingu á orðatiltæki sem er ekki notað í íslensku, „you're the best.“ (Prófið þið að segja „þú ert best(ur)“ næst þegar þið kveðjið einhvern. Ég segi ekki meira.)

Bæði enska og íslenska ástarjátningin hafa kosti og galla. „Ég elska þig“ er óneitanlega flottari að því leyti að hún er sterkari, enda ekki ofnotuð. Enska útgáfan státar af meira notagildi en er að sama skapi orðin úthynnt og merkingarlítill. En Bandaríkjamenn mega þó eiga það að heildarfjöldi ástarjárn-

inga per mann á ári er örugglega meiri, á meðan flest okkar á Íslandinu notum „ég elska þig“ bara við hátíðleg tilefni og þegjum annars. Já, þegjum eða gripum til þess ráðs að sletta með „I love you“ í staðinn.

Bæði málin vantar sem sagt annað orð yfir „ég elska þig“ svo hægt sé að nota eitt spari og annað hversdags. Einu sinni gerði ég tilraun til þess að fylla gatið í málinu með „mér þykir vænt um þig“ en það féll ekki í góðan jarðveg. Hér með óska ég því eftir tillögum að nýrri íslenskri ástarjátningu.

En nú hætti ég þessum orðalengingum. Ég er að fara á vit hamborgaralandsins á ný (til að klára námið, það er að segja, ekki vegna hamborgaranna) og kveð ykkur að sinni.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

Jæja... Þú rannst eftir eldhúsgólfinu og lentir á agúrku? Sem nú situr föst?

Það passar!

Einmitt! Þá skulum við undirbúa skurðstofu B!

Já, lækni!

Flissifliss

Flissiflissi flisssss

Við vorum hræðileg! Læknir og hjúkrunarkona í óstjórnlegu miskunnarlausu hláturskasti! Ég vona að hann fari ekki með þetta í blöðin!

Engar áhyggjur! Þetta mál fer varla lengra!

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Þetta er flott lag, strákar...

Hvað heitir það?

„Drullusuga í brúnni sósu“.

Ojbara! Ég vil ekki heyra meira!

Ég hélt að við ætluðum að kalla það „Skotinn í þér“?

Það fer eftir því hver spyr.

PÚ OG PA

Eftir SÖB

Hvað ertu að glápa ofani þetta klósett??

Ef við erum það sem við étum...hummm... vorum við þá ekki það sem við skitum??

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

Við höfum fegurðarþamkeppni og þú getur valið þann þem er þætaþtur!

Ó, en gaman.

Malinalmal!

Víuu víuu

Hmmm... Þetta verður erfitt félagar...

gjúg-gjúggúgg

Ma - ma

Ég var að borða hádegismat.

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Æ, Hannes! Þetta er þriðja sokkparið sem þú týnir í boltalandinu í þessum mánuði!

Fyðigefðu.

Solla, geturðu - Engar áhyggjur mamma! Ég skal finna þá!

Jæja...?

Ég er með góðar fréttir og slæmar fréttir...

Frankie **MUNIZ** David **SPADE** Steve **HARVEY** Snoop **DOGG** Mandy **MOORE** Jeff **FOXWORTHY** Joe **PANTOLIANO** Dustin **HOFFMAN** Whoopi **GOLDBERG**

HANN ER RÖNG HESTATEGUND... EN MED RÉTTU SAMBÖNDIN!

SEBRAHESTUR ER
ÁKVEÐINN Í AÐ GERAST
VEÐHLAUPAHESTUR
HVAÐ SEM TAUTAR
OG RAULAR.



KOMIN Í BÍÓ

RACING STRIPES

FRÁBÆR TALSETNING BÆÐI Á ENSKU OG ÍSLENSKU.

ALCON ENTERTAINMENT PRESENTS "RACING STRIPES" STARRING BRUCE GREENWOOD HAYDEN PANETTIERE M. EMMET WALSH AND WENDIE MALICK
FEATURING THE VOICES OF FRANKIE MUNIZ MANDY MOORE MICHAEL CLARKE DUNCAN JEFF FOXWORTHY JOSHUA JACKSON JOE PANTOLIANO MICHAEL ROSENBAUM STEVE HARVEY DAVID SPADE
SNOOP DOGG FRED DALTON THOMPSON WITH DUSTIN HOFFMAN AND WHOPI GOLDBERG
WRITTEN BY DEVA ANDERSON PRODUCED BY MARK ISHAM
DIRECTED BY WOLF KROEGER
EDITED BY TOM FINAN
PRODUCTION DESIGNER DAVID EGGBY A.C.S.
EXECUTIVE PRODUCERS PHILIP A. PATTERSON KIRA DAVIS KIRK DE MICCO PRODUCED BY STEVEN P. WEGNER
WRITTEN BY ANDREW A. KOSOVE BRODERICK JOHNSON LLOYD PHILLIPS EDWARD L. McDONNELL
DIRECTED BY DAVID SCHMIOT PRODUCED BY DAVID SCHMIOT & STEVEN P. WEGNER AND KIRK DE MICCO & FREDERIK DU CHAU
EXECUTIVE PRODUCERS FREDERIK DU CHAU



STORYLINE AND MUSIC BY SPARKY RECORDS

FEATURES NEW MUSIC FROM STING AND BRYAN ADAMS

www.racingstripesmovie.com



© 2005 Alcon Entertainment Inc. All Rights Reserved.

ÁLFABAKKI

SYND m/ensku tali kl. 1.40 - 3.50 - 6 - 8.15 - 10.30
SYND m/isl. tali kl. 1.40 - 3.50 - 6

KRINGLAN

SYND m/isl. tali kl. 12 - 2.10 - 4.20 - 6.30

AKUREYRI

SYND m/isl. tali kl. 2 - 4 - 6

KEFLAVÍK

SYND m/isl. tali kl. 2 - 4 - 6 - 8

HÁSKÓLABÍÓ

SYND m/ensku tali kl. 3 - 5.50 - 8 - 10

SELFOSSBÍÓ

SYND m/isl. tali kl. 2 - 4 - 6





Þrjátíu höfundar taka þátt í Bókmennta-hátíðinni í Reykjavík sem verður haldin í sjöunda sinn dagana 11.-17. september. Hátíðin fagnar jafnframt 20 ára afmæli sínu í ár. Höfundar munu lesa úr verkum sínum í ljóð á hverju kvöldi klukkan 20 á meðan á hátíðinni stendur og verða íslenskar og enskar þýðingar aðgengilegar þar sem við á. Flesta daga vikunnar verður dagskrá í Norræna húsinu klukkan 12 og 15 þar sem spjallað verður við erlenda rithöfunda um verk þeirra. Þess má geta að fjölmargar þýðingar á verkum erlendu höfundanna verða gefnar út á næstunni. Vefsíða hátíðarinnar er á slóðinni www.bokmenntahatid.is

menning

menning@frettabladid.is

ÞÝSKUNÁMSKEIÐ GOETHE ZENTRUM

GOETHE-
INSTITUT

www.goethe.is

551 6061



Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett í Íslensku óperunni

Næstu sýningar
Laugardaginn 27. ágúst kl. 20.00
Sunnudaginn 28. ágúst - Örfá sæti laus
Föstudaginn 2. september
Laugardaginn 3. september

"Söngur þórunnar
er í einu orði sagt
stórfenglegur..."
SH, Mbl.

Miðar í síma 511 4200, og á www.kabarett.is

KRINGLUKRÁIN

Sixties í kvöld

- Sérreittamatseðill
- Tilboðsmatseðill
fyrir leikhúsgesti
- Hópmatseðill
Borðapantanir í síma 558 0878

www.kringlukrain.is

Annie

í Austurbæ

10. sýn. sun. 28/8 kl. 16 nokkur sæti laus
11. sýn. fim. 1/9 kl. 19 nokkur sæti laus
12. sýn. sun. 4/9 kl. 16 sæti laus

Uppskeruhátíð Break the Ice

Á vordögum voru tólf listamenn sendir út af örkinni í þörum, sviðslistamaður með myndlistarmanni, að kanna landamæri listgreinanna og sækja innblástur til samstarfs. Í fimm daga návígi í óbyggðum Íslands unnu listamannapörin drög að samstarfsverkum. Nú er komið að því að sýna afkasturinn. Verkefnið kallast Break the Ice og er alþjóðlegt norrænt menningarverkefni. Dagskráin hefst klukkan 18 í kvöld í Borgarleikhúsinu þar sem Jaanis Garancs, Kelly Davis og Peder Bjurman munu sýna verk sitt. Klukkan 20 í Klink og Bank er svo komið að Catherine Kahn og Lise Skou. Dagskránni í dag lýkur svo klukkan 21 á verki Söndru Jøgeva, performanslistakonu frá Eistlandi. Dagskrá uppskeruhátíðarinnar heldur svo áfram á morgun, sunnudag og hefst klukkan 18 í Öskjuhlíð og stendur fram eftir kvöldi.



UPPSKERUHÁTÍÐ Sandra Jøgeva og Þórunn Arna Þorgrímsdóttir á fyrsta fundi Break the Ice í vor.

> Ekki missa af ...



...djasshátíðinni **Jazz undir fjöllum** sem hefst á **Skógum** undir Eyjafjöllum klukkan 15 í dag.

...opnun á myndlistarsýningu sex ungra myndlistarmanna í húsnæði **Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Hafnarstræti 98** á Akureyri klukkan 15 í dag.

...tónleikum hljómsveitanna **Norton, Sex, Funk** og **Spilabandsins Runólfs** á **Grand Rokk** klukkan 23 í kvöld.

Blaðrað af fáfræði um blús

Dansleikhúsverkið, **No, he is white**, verður sýnt á opunarhátíð Reykjavík Dance Festival í kvöld. Höfundar og flytjendur verksins vinna með ólík tungumál, sækja innblástur í sigarettupásur og segjast vilja brjóta múra milli listgreina.

„Við höfum unnið að dansverkinu í þrjár vikur uppi í Borgarleikhúsi,“ segir þýska leikkonan Anne Tismer en hún er mjög þekkt í heimalandi sínu enda á hún að baki tuttugu ára farsælan leikhússferil í Þýskalandi. Anne kynntist íslenska dansaranum Margrét Söru Guðjónsdóttur í Berlín þar sem Margrét hefur starfað með framúrstefnuhópnum Dorky Park. Margrét leiddi Anne og svissnesku leikkonuna Rakel Svaöldelli til fundar við dansarann Sveinbjörgu Þórhallsdóttur til að semja opunarverk á Reykjavík Dance Festival.

Stelpurnar segja að ekki sé að finna hefðbundinn söguþráð í verkinu **No, he is white** og að í raun sé best að reyna að skilja sem minnst í því sem fyrir augu ber. „Hugmyndirnar fáum við héðan og þaðan en sýningin verður enn í þróun þegar við flytjum hana á opnuninni í kvöld.“

Innblásturinn sækja listakonurnar meðal annars í skrafið í kaffipásunum. „Við fáum okkur oft ferskt loft fyrir utan leikhúsið,“ segir Rakel Svaöldelli. „Þá höfum við meðal annars komið auga á starfsmenn verslunarinnar Bónus þegar það fer út í sigarettupásu. Þar eru bæði Íslendingar og Kínverjar sem reyta af sér brandara



NO, HE IS WHITE Stelpurnar segja verkið meðal annars lýsa því hvernig fólk á til að skeggraða um hluti sem það hefur alls ekkert vit á.

og hlæja mikið saman en við höfum haft gaman af að fylgjast með því hvernig þau tjá sig við hvert annað.“

„Við erum að vinna mikið með ólík tungumál,“ útskýrir Anne. „Fyrir utan það að hópurinn okkar samanstendur af þýskri og svissneskri leikkonu sem tala á ensku við íslenska dansara þá er tungumál dansarans og leikarans líka mjög ólíkt. Dansarar nálgast hlutina út frá ryþma og hreyfingu en leikarinn nálgast hlutverkið oft út frá sálfræðilegum þáttum. Í þessu verkefni erum við ekki síst að kanna hvað við getum lært hver af annarri.“

Stelpurnar að baki **No, he is white** taka vinnuaðferðir Dorky Park-listahópsins sér til fyrirmyndar. Stærstu leikhúsin í Berlín berjast nú um að fá að vinna með Dorky Park en stefna hópsins er að brjóta niður múra milli ólíkra listgreina. „Í Dorky Park eru tónlistarmenn fengnir til að dansa og dansarar fengnir til að tala. Þetta er mjög nútímalegt form og í raun mótmæli við

hefðbundinni verkaskiptingu í leikhúsinu,“ segir Rakel.

„Í **No, he is white** blöndum við líka saman ólíkum stílum í söng, dansi, tali og tónlist,“ segir Anne en blústonlist skipar til dæmis veigamikinn sess í dansleikhúsverkinu. „David Kiers hefur samið fyrir okkur tónlist og á mikinn þátt í að skapa undirtón verksins. Við höfum hins vegar ekkert vit á blústonlist og vísar titillinn **No, he is white** í þrætur okkar um hvort blússöngvarinn sé svartur eða hvítur. Fólk á það til að tala um eitthvað sem það skilur ekki og það getur verið mjög fyndið að hlusta á þess konar samræður.“

Aðeins ein sýning hér á landi verður á verkinu **No, he is white** en hún verður á Nýja sviði Borgarleikhússins í kvöld klukkan 20. Að því loknu halda listakonurnar með verkið til Berlínar. Opunarhátíð Reykjavík Dance Festival hefst í kvöld klukkan 19 en sjálf hátíðin stendur yfir dagana 1-4. september í Borgarleikhúsinu.

thorakaritas@frettabladid.is

Hamrahlíðarkórinn á Kirkjulistahátíð

Hamrahlíðarkórinn frumflytur þrjú verk hér á landi á tónleikum sínum á Kirkjulistahátíð í dag. Tónleikarnir hefjast í Hallgrímskirkju klukkan 18. Verkin sem frumflutt verða eru eftir finnska tónskáldið Olli Kortekangas, Þorkel Sigurbjörnsson og Atla Heimi Sveinsson.

Olli Kortekangas er meðal þekktari samtímatónskálda Finna. Kortekangas óskaði eftir að semja verk fyrir Hamrahlíðarkórinn í tilefni af Soundstreams-tónlistarhátíðinni í Toronto 2005. Divinum mysterium er tileinkað Hamrahlíðarkórnum og Þorgerði Ingólfssdóttur, stjórnanda kórsins.

Verkið Á raupsaldrinum eftir Þorkel Sigurbjörnsson var sumarkveðja til Þorgerðar vorið 2005. Ljóðið er eftir Þorgeir Sveinbjarnarson (1905-1971) og er í ljóðabók hans Vísun jarðarinnar (1971). Hamrahlíðarkórinn frumflutti verkið á tónlistarhátíðinni Soundstreams Northern Voices í Toronto í Kanada í júní 2005.

Atli Heimir samdi tvo söngva



HAMRAHLÍÐARKÓRINN Söngvarar Hamrahlíðarkórsins, sem eru á aldrinum 16-22 ára, hafa verið glæsilegir fulltrúar íslenskrar kórtónlistar á söngmótum víða um heim, nú síðast á Soundstreams Northern Voices tónlistarhátíðinni í Toronto í sumar. Kórinn frumflytur þrjú verk í Hallgrímskirkju klukkan 18 í kvöld.

við ljóð Stefáns Harðar Grímssonar (1920-2002) fyrir Hamrahlíðarkórinn og Grím Helgason klarinettleikara vorið 2005. Grímur og kórinn frumfluttu tónverkið í júní á tónlistarhátíðinni í Toronto. Húm I er upphafsljóð og Húm II er lokalljóð í ljóðabók Stefáns Harðar, Tengslum, sem kom út 1987.

Auk ofantalinna verka syngur kórinn Fjögur íslensk þjóðlög í

útsetningu Hafliða Hallgrímssonar, tvö íslensk þjóðlög, Úr Lilju og Heilagi Drottinn himnum á í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar, Kveðið í bjargi og Vorkvæði um Ísland eftir Jón Nordal, Vikivaka eftir Atla Heimi Sveinsson, Vorið það dunar eftir Þorkel Sigurbjörnsson og Fögnað eftir Hauk Tómasson auk verks eftir eistneska tónskáldið Arvo Pärt.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

KALLI Á ÞAKINU

